**allt**

SIGURJÓN BRINK:

*Svitnar yfir visakortinu*

• heilsa • brúðkaup

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



## KRÖFUR RAPPARANS

SNOOP DOGG:

Kampavín og kjúklingur efstir á lista

SÍÐA 40 ▶



Hagstæðasta bílalánið

FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. júní 2005 - 172. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

**Ein besta tónlistarhátíð heims**

Breska tímaritið New!, systurblað tímaritsins OK!, hefur valið tónlistarhátíðina Iceland Airwaves eina af fimm bestu tónlistarhátíðum heims.



SÍÐA 26

**Virðingarleysi við náttúruna**



Umgengni Íslendinga við náttúruna hefur hrakað á þeim árum sem liðin eru síðan haldið var uppi stöðugum áróðri um að hreint land væri fagurt land, segir Inga Rósa Þórðardóttir og finnst fólk ekki meta náttúruna að verðleikum.

UMRÆÐAN 16

**KR-ingar kjöldregnir**

Valsmenn sjá um að halda einhverri spennu í Landsbankadeild karla í fótbolta eftir góðan sigur á heillum horfnum KR-ingum í gærkvöldi. Valur virðist vera eina liðið sem getur veitt FH-ingum einhverja keppni um Íslandsmeistaratitilinn og nú að loknum átta umferðum munar sex stigum á liðunum.



ÍÞRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG




**LÍTILSHÁTTAR SKÚRIR** sunnan og vestan til. Léttir smám saman til norðaustan og austan til þegar líður á daginn. Hiti 11-22 stig, hlýjast norðaustan og austan til. VEÐUR 4

# Olían hefur aldrei verið dýrari

**Nýtt verðmet er slegið nær daglega á olíumörkuðum. Í gær var olíuverð í fyrsta sinn yfir 60 dollurum fatið við lokun markaða. Bensínverð hérlendis hefur hækkað þrisvar á tæpum mánuði. Margir hugsa sig eflaust um áður en þeir keyra um landið, segir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.**

**NEYTENDUR** Hvert metverðið á fætur öðru sést nú á olíumörkuðum heimsins. Við lok markaða vestanhafs í gær seldist fatið af olíu á 60,54 dollara og hefur aldrei verið hærra. Eldra metið var sett síðasta föstudag þegar fatið seldist á tæpa 59 dollara. Sérfræðingar sjá ekki annað fyrir sér en að verð haldi áfram að hækka og getur það valdið verulegum vandkvæðum í efnahagslífi heimsins.

Verðið hefur hækkað um tæp 40 prósent frá því um síðustu áramót og bendir ekkert til að hækkanir stöðvist eða gangi til baka enda aldrei meiri eftirspurn á hinum vestræna markaði en nú yfir hásumarið. Hefur verð bæði í New York og London ítrekað hækkað meira þessa viku en áður hefur þekkst. „Það er með hreinum ólíkindum hvað markaðurinn tekur á sig og virðist vera óstöðvandi,“ segir Tom Bentz hjá fjárfestingarbankanum BNP Paribas. Hann er einn af þeim sérfræðingum sem telja ekki útilokað að verð á tunnu geti farið í hundrað dollara áður en langt um líður.

Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessum hækkunum á heimsmarkaðsverði. Í gær hækkuðu íslensku olíufélögin öll verð sitt nema Skeljungur. Er það í þriðja sinn á tæpum mánuði sem slíkt gerist.

Eldsneyti er stór kostnaðarliður hjá sjávarútvegsfyrirtækjum og í flugiðnaði. Guðjón Arngrímsson hjá Icelandair segir óhjákvæmilegt að bregðast við með hækkunum haldi olíuverð áfram að hækka en það standi þó ekki til að svo stöddu. „Við tökum tillit til verðhækkana á eldsneyti fram í tímann og erum þannig að nokkru leyti varðir fyrir hækkunum upp að vissu marki. En eðlilega kemur að þolmarki ef olíuverð heldur áfram að hækka eins og verið hefur.

Erna Hauksdóttir hjá Samtökum ferðaþjónustunnar segir allar hækkanir koma sér illa fyrir greinina en ferðamönnum hefur fækkað hér á landi í ár. „Fleiri og fleiri vilja keyra um landið okkar en munu eflaust hugsa sig um með tilliti til bensínverðsins. Þetta er einn af þeim þáttum sem við höfum áhyggjur af ásamt háu gengi.“

-aöe

**ÞRÓUN ELDSNEYTISVERÐS**

| | Bensín | Dísel |
|---|---|---|
| ▲ 7. apríl | 102,50 | 49,00 |
| ▲ 25. apríl | 103,40 | 50,20 |
| ▲ 2. maí | 105,50 | 52,50 |
| ▼ 31. maí | 104,80 | 52,50 |
| ▲ 13. júní | 107,20 | 55,60 |
| ▲ 20. júní | 109,20 | 57,10 |
| ▲ 27. júní | 110,20 | 50,10 |



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HJÓLAÐ TIL STYRKTAR HJARTVEIKUM** Eggert Skúlason lagði í gær hjólandi af stað í hringferð um landið til styrktar Hjartaheillum. Eiður Smári Guðjohnsen fylgdi Eggerti að Litlu Kaffistofunni þar sem Bjarni Ármannsson forstjóri Íslandsbanka tók við og hjólaði til Hveragerðis. Við Litlu Kaffistofuna gáfu þeir tólf ára dreng, Birki Árnasyni, treyju Eiðs Smára sem Íslandsbanki keypti á uppboði fyrr um veturinn. Eiður var ekki af baki dottinn eftir hjólaferðina og ákvað að þiggja ekki far heim heldur skokkaði hálft maraþon í bæinn aftur. **Sjá síðu 20**



**FEGURÐARSAMKEPPNI KLÆÐSKIPTINGA** Mikið gekk á þegar efnt var til fegurðarsamkeppni klæðskiptinga.

Klæðskiptingar:

## Hættu fyrr eftir mótmæli

**DJAKARTA, AP** Tíu íslamskir öfgamenn reyndu að stöðva fegurðarsamkeppni klæðskiptinga. Keppnin var rétt hafin þegar mennirnir ruddust inn og létu illum látum. Eftir tuttugu mínútna erfiðar samningaviðræður féllust öfgamennirnir á að leyfa keppninni að halda áfram gegn því skilyrði að hún myndi taka enda fyrr en ráðgert hefði verið.

Öfgamennirnir tilheyra hópi múslima sem er þekktur fyrir að fremja skemmdarverk á skemmtunum sem þeir telja ekki samræmast trúarbrögðunum. ■

Hugmyndir um óperuhús fyrir allt að tvo milljarða króna:

# Gunnar vill óperuna í Kópavog

**MENNING** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, vill reisa óperuhús fyrir Íslensku óperuna á ónotaðri lóð sunnan við Gerðarsafn í miðbæ Kópavogs. Þegar hafa verið unnar frumteikningar að óperuhúsi sem Gunnar telur að gæti kostað 1,5 til tvo milljarða króna.

Gunnar vill byggja óperuna á svæði sem kallast menningartorfan. Eftir að óperuhúsið er risið vill Gunnar tengja það og Gerðarsafn, Salinn, Bókasafnið og Náttúrugripasafnið saman með glerhýsi. Samkvæmt frumteikningunum er gert ráð fyrir 250 fermetra hús sem tæki 600 til 700 manns í sæti.

Hugmyndin hefur hvorki verið kynnt fyrir bæjarstjórn Kópavogs né stjórn Íslensku Óperunnar. „Orð eru til alls fyrst,“ segir Gunnar. „Ég er að leggja þessa hugmynd fram og tel hana vera raunhæfa. Ef farið verður strax í málið getum við sýnt óperur eftir tvö og hálft ár.“ Gunnar segist hafa talað við marga áhugamenn um óperur og þeir hafi allir tekið mjög vel í þessa hugmynd.

Gunnar segir óperuna heyra undir ríkið, en Kópavogsbær væri þó, auk þess að leggja fram byggingarlóð, tilbúinn að leggja fram fjárhagslegan stuðning. Hann er vongóður um að ríkissjóður og góðvinir óperunnar myndu veita fé til slíkrar byggingar. Hann býst við að núverandi húsnæði óperunnar í Ingólfsstræti myndi seljast dýrt.

-grs



**HUGMYND AÐ ÓPERUHÚSI Í KÓPAVOGI** Gunnar vonast til að sýna megi óperur í Kópavogi eftir tvö og hálft ár.

Þrjúhundruð og fimmtíu þúsund króna afsláttur

af sérvöldum bílum

TOYOTA

BETRI NOTAÐIR BÍLAR





## SPURNING DAGSINS

*Strákar, takið þið áskoruninni?*

„Ef hann reddar okkur þremur sex gíra hjólum með bjöllum og bögglaberum og skrauti á handföngin á hjólið hans Péturs, þá erum við til.“

Eggert Skúlason hjólar hringinn í kringum landið til styrktar Hjartaheilla. Hann hefur skorað á Strákana að hjóla með sér hluta af leiðinni.

Fjármálaeftirlitið svarar bréfi stjórnar SPH:

# Telja sig vera í fullum rétti

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins álíta að þeir hafi fullt vald til að óska eftir upplýsingum frá einstaklingum sem eiga stofnfjárbréf í Sparisjóði Hafnarfjarðar.

Stjórnendur Sparisjóðs Hafnarfjarðar gerðu athugasemd við að Fjármálaeftirlitið sendi stofnfjáreigendum fyrirspurn og taldi eftirlitið fara út fyrir valdsvið sitt.

Eitt af meginstörfum eftirlitsins er að hafa eftirlit með virkum eignarhlutum en hann er kominn á þegar eignarhlutur í stofnfé fer yfir 10 prósent. Fjármálaeftirlitið vill með bréfi til stofnfjáreigenda geta kannað hvort minni aðilar hafi myndað einn virkan eigenda en því hefur verið haldið fram að meirihluti stofnfjáraðila hafi gefið vilyrði fyrir sölu bréfa sinna. Fjármálaeftirlitið er í þessum efnum heimilt að beita dagsektum og leggja hald á gögn við upplýsingaöflun.

Stjórn sparisjóðsins er ekki undir slíkri athugun en ber þó að greina Fjármálaeftirlitinu frá því ef aðili falast eftir virkum eignarhlut í Sparisjóði Hafnarfjarðar. -eþa



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**PÁLL GUNNAR PÁLSSON, FORSTJÓRI FME** Eftirlitið telur sig vera í fullum rétti með því að senda bréf til allra stofnfjáreigenda í SPH og óska eftir gögnum vegna hugsanlegrar sölu á stofnfjárbréfum.

Hernámið í Írak:

## Fangelsum fjölgað

**BAGDAD, AP** Bandaríkjamenn áforma að byggja ný fangelsi í Írak og stækka þau sem fyrir eru svo halda megi allt að 16.000 manns í einu.

Tæplega 10.000 manns eru í varðhaldi í þremur herfangelsum Bandaríkjamanna í Írak, þar af eru 400 erlendir vígamenn. Fjöldi fanganna hefur tvöfaldast á einu ári.

Formælandi Bandaríkjamanna í fangelsismálum í Írak segir að fjölgunin skýrist af velheppnuðum aðgerðum gegn uppreisnarmönnum. Fréttir af mannfalli segja hins vegar aðra sögu því talið er að 2.180 manns hafi látist í árásum síðan íraska ríkisstjórnin tók við völdum í apríllok. ■



**ARROYO Í SJÓNVARPSÁVARPI** Forseti Filippseyja neitaði ásökunum um kosningasvindl.

Forseti Filippseyja:

## Kveðst saklaus af svindlinu

**FILIPPSEYJAR, AP** Mikil mótmæli hafa verið á Filippseyjum að undanförnu gegn Gloriu Arroyo, forseta landsins, en hún er sökuð um að hafa staðið að kosningasvindli.

Nýlega komst almenningur á snoðir um að til væri upptaka af konu sem hljómar eins og Arroyo, þar sem hún heyrist ræða við kosningastarfsmann um hvernig tryggja ætti milljón atkvæði í kosningunum sem hún vann í fyrra.

Í sjónvarpsávarpi baðst Arroyo afsökunar á því að hafa rætt við starfsmanninn, en sagði að hún hefði ekki gert neitt rangt og ætli sér ekki að segja af sér. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GENGIÐ FRÁ SÖLU Á BÚNAÐARBANKANUM** Fulltrúar stjórnvalda ásamt forsvarsmönnum kaupendahóps bankans, þeim Ólafi Ólafssyni og Peter Gatti sem sendi frá sér yfirlýsingu í gærkvöldi.

# Stóðum við allar skuldbindingar

**Framkvæmdastjóri Hauck & Aufhäuser segir bankann hafa skráð hlutabréf í Búnaðarbanka í eigin bókhaldi og vísar gagnrýni Vilhjálms Bjarnasonar á bug.**

**EINKAVÆÐING** Hlutabréf þýska bankans Hauck & Aufhäuser í Búnaðarbankanum og síðar KB banka voru færð í reikninga fyrirtækisins meðan þau voru í eigu hans, segir í yfirlýsingu frá Peter Gatti, framkvæmdastjóra Hauck & Aufhäuser, sem hann sendi frá sér í gærkvöldi.

Yfirlýsingin er svar stjórnenda bankans við gagnrýni Vilhjálms Bjarnasonar aðjúnkts við Háskóla Íslands, sem hefur sagt að Fjármálaeftirlitið hafi verið blekkt þar sem S-hópurinn hafi í raun ráðið þeim hlut sem Hauck & Aufhäuser var skráður fyrir.

Við lýstum því yfir í upphafi að við kæmum að þessu sem hvati að einkavæðingu í íslenska bankakerfinu segir Gatti í yfirlýsingu sinni. Hann bætir því við að þeir hafi staðið við skuldbindingar sínar og gott betur. Gatti segir það valda sér vonbrigðum að efasemdum hafi verið sáð um heilindi bankans og að hann hafi verið dreginn á neikvæðan máta inn í umræðu um einkavæðingu á Íslandi.

Þýski bankinn keypti 16,3 prósent í Búnaðarbankanum og var haft eftir Ólafi Ólafssyni, sem var í forsvari fyrir kaupendur bankans, í Fréttablaðinu í kjölfar sölunnar, að gott væri að fá það aðhald sem fylgdi eign þýska bankans í Búnaðarbankanum. Félag í eigu Ólafs hefur nú keypt bréf þýska bankans í KB banka en Kaupþing og Búnaðarbanki sameinuðust fáeinum mánuðum eftir einkavæðinguna.

Bankinn, sem um ræðir, er banki sem hafði heldur minna af eignum en Búnaðarbankinn við söluna. Eigið fé hans var um 9 milljarðar íslenskra króna en eigið fé Búnaðarbankans á sama tíma um 13 milljarðar. Framkvæmdastjóri þýska bankans, Peter Gatti, kom hingað til að undirrita samninga en bankinn hefur nú selt bréf sín eins og áður segir og hefur varist allra frétta í skjóli bankaleyndar af viðskiptum sínum með bréf í Búnaðarbankanum. -hb/bþg

Ný tónsmíð:

## Óður til Kárahnjúka

**MÓTMÆLI** Birgitta Jónsdóttir, einn talsmanna mótmælenda sem komið hafa sér fyrir í tjöldum við Kárahnjúka, segir að í dag sé von á fyrsta listræna afsprengi mótmælanna „Ég reikna með að fá í dag disk frá Danmörku með nýju lagi eftir móður mína, Bergþóru Árnadóttur, við ljóð eftir Kristján Hreinsson og mun honum verða dreift til útvarpsstöðva. Lagið var samið í síðustu viku, daginn sem fyrsta tjaldið var reist við Kárahnjúka, en á næstunni munu mótmælendur standa fyrir mörgum listrænum uppákomum á svæðinu,“ segir Birgitta.

Sex tjöld voru í mótmælabúðunum í gær en Birgitta á von á að mótmælendum fjölgi jafnt og þétt á næstu dögum og vikum. -kk



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FREKAR SVARTSÝNN** Bandarísk stjórnvöld virðast gera sér grein fyrir því að ástandið í Írak er mjög erfitt viðureignar.

Donald Rumsfeld:

## Barist í tólf ár enn

**ÍRAK** Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sagðist í viðtali við NBC-sjónvarpsstöðina búast við því að uppreisnin gegn hernáminu í Írak gæti staðið yfir í allt að tólf ár til viðbótar. „Erlendar hersveitir geta ekki barið þessa uppreisn niður. Í staðinn verðum við að búa til umhverfi þar sem íraskar hersveitir geta sjálfar komið á friði í landinu.“ Orð Rumsfeld eru í ósamræmi við ummæli Dick Cheney sem á dögunum sagði að uppreisnin væri „í dauðateygjunum“.

Breskir leyniþjónustumenn og bandarískir embættismenn hafa átt í viðræðum við uppreisnarmenn í Írak að undanförnu. ■

Stjórnarkreppa á Srí Lanka:

## Deilt um hjálpargögn

**KÓLOMBÓ, AP** Þjóðernissinnar og íslamskir hópar í ríkisstjórn Srí Lanka hafa hótað að draga sig út úr samstarfi við forseta landsins, Chandriku Kumaratunga.

Ástæða þessa er samstarfssamningur um dreifingu hjálpargagna eftir flóðbylgjuna miklu fyrir hálfu ári, sem ríkisstjórnin hefur gert við klofningshreyfingu Tamiltígra þar í landi. Talið er að ríkisstjórn Srí Lanka standi á brauðfótum, en þegar hafa flokkar í lykilstöðu sagt sig úr henni vegna deilna um skiptingu hjálpargagna milli minnihlutahópa. ■




Mál Auðar Laxness gegn Hannesi Hólmsteini:

# Frávísun héraðsdóms kærð til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Lögmaður Auðar Laxness hefur kært frávísun Héraðsdóms Reykjavíkur til Hæstaréttar. Um er að ræða mál sem Auður höfðaði á hendur Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni prófessor þar sem hann var sakaður um að hafa ekki notað tilvísanir með réttum hætti í bókum sínum um Halldór Kiljan Laxness, auk þess sem hann hefði notað verk Halldórs sjálfs af frjálslega.



**AUÐUR LAXNESS** Kæran komin af stað.



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON** Málinu ekki lokið.

Héraðsdómur vísaði málinu frá fyrr í þessum mánuði, en gerði Auði að greiða Hannesi fimm hundruð þúsund krónur í málskostnað. Frávísun dómsins var byggð á því að ekki hefði verið nægjanlega gerð grein fyrir brotum Hannesar Hólmsteins í málshöfðuninni og hefði hún því verið ófullnægjandi.

„Samkvæmt því ferli sem slík mál fara í var kæran send til héraðsdóms 21. júní,“ sagði Halldór Backman héraðsdómslögmaður og lögmaður Auðar Laxness. „Héraðsdómur hefur upplýst að Hæstarétti verði send gögnin þann 8. júlí næstkomandi. Hæstiréttur kveður síðan upp úrskurð um hvort málatilbúnaður hafi verið viðunandi eða ekki.“ -jss

### EVRÓPUSAMBANDIÐ

**PÓLLAND Í LYKILHLUTVERKI** Utanríkisráðherra Póllands hefur lýst því yfir að landið gæti gegnt lykilhlutverki í að leiða ESB út úr erfiðleikunum sem steðja að því. Sambandið hefur átt erfitt upp á síðkastið vegna deilna um stjórnarskrá og fjárlög. Ráðherrann vildi þó ekkert segja um hvernig Pólland ætlaði að sinna þessu hlutverki.

www.toyota.is




**Þér er boðið í veislu** í tilefni 35 ára afmælis Toyota á Íslandi.

**Afmælisboðið verður haldið á Nýbýlavegi 4-8, frá 25.- 30. júní. Þar verður nóg um að vera:**

- Ný lán frá Glitni fyrir allt að 90% af kaupverði.
- Allt að helmingur lántökugjalds felldur niður.
- Allir sem kaupa nýjan bíl fá flugmiða fyrir tvo með Icelandair.
- Allir afmælisgestir geta unnið ferðir á Formúluna eða á HM í frjálsum.
- Formúlubíll á staðnum og formúlugjafir fyrir þá sem reynsluaka.

**Veitingar í boði alla vikuna.**

**Láttu sjá þig og hafðu engar áhyggjur af afmælisgjöfum, þær eru á staðnum.**

**Opið í dag frá kl. 10.00 til 18.00.**

Í samstarfi við Glitnir

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 27.06.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,49 | 64,79 |
| Sterlingspund | GBP | 117,95 | 118,53 |
| Evra | EUR | 78,50 | 78,94 |
| Dönsk króna | DKK | 10,54 | 10,60 |
| Norsk króna | NOK | 9,89 | 9,95 |
| Sænsk króna | SEK | 8,37 | 8,42 |
| Japanskt jen | JPY | 0,59 | 0,59 |
| SDR | XDR | 94,61 | 95,17 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**110,37 -1,59%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þjóðverjar vilja fá fast sæti í öryggisráði SÞ:

# Bush segir hvorki af né á um stuðning



**SLEGIÐ Á LÉTTA STRENGI** Enda þótt grunnt hafi verið á því góða á milli ríkisstjórna Þýskalands og Bandaríkjanna eftir Íraksstríðið fór vel á með þeim Schröder og Bush í Washington í gær.

**WASHINGTON, AP** Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, fundaði með George W. Bush Bandaríkjaforseta í gær. Fyrr um daginn fór kanslarinn formlega fram á það við þýska sambandsþingið að greidd yrðu atkvæði um traust á ríkisstjórnina.

Kjarnorkuáætlun Írana var ofarlega á baugi á fundi leiðtoganna eftir að Mahmoud Ahmadinejad, nýkjörinn forseti landsins, lýsti því yfir að auðgun úrans yrði hafin að nýju. Ríkisstjórnir á Vesturlöndum óttast að Íranar hyggist nota úranið til smíði kjarnorkuvopna. Því skoruðu leiðtogarnir á Írana að láta af vinnslunni enda yrði smíði kjarnorkuvopna ekki liðin.

Bush og Schröder ræddu einnig um áhuga Þýskalands á að fá fast sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Bush gaf lítið út á kröfur Þjóðverja í þessum efnum og sagði aðeins að stjórn hans væri þeim ekki mótfallin. Fyrst þyrfti hins vegar að gera róttækar breytingar á samtökunum áður en tímabært væri að huga að slíku.

Áður en Schröder hélt til Washington fór hann fram á við þýska sambandsþingið að það greiddi atkvæði um traust á ríkisstjórn sína. Kanslarinn býst við að traustsyfirlýsingin verði felld en þá getur hann óskað eftir því við Horst Köhler forseta að boðað verði til kosninga.

Atkvæðagreiðslan verður að líkindum á föstudag og kosningarnar svo með haustinu. ■



**NEPALSKIR HERMENN** Stjórnvöld ætla hvorki að senda lögreglu né hermenn þrátt fyrir að menntaskólanema hafi verið saknað í fimm daga.

Byltingarsinnar:

# Hundrað nemar í haldi

**NEPAL, AP** Ekkert hefur heyrst frá tæplega hundrað menntaskólanemum í Nepal síðan þeim var rænt af byltingarsinnum fyrir fimm dögum. Rán af þessu tagi eru algeng í Nepal, þar sem uppreisnarmenn úr hópi kommúnista handsama nemendur í skólum sínum og fræða þá um boðskap sinn í tvo til þrjá daga. Stjórnvöld í Nepal hafa sérstakar áhyggjur af þessu ráni vegna þess að ekkert hefur heyrst frá unglingunum í fimm daga.

Þrátt fyrir þetta verður engin lögregla send á staðinn, þar sem skólinn er á svokölluðu hættusvæði og hvorki lögreglustöðvar né herstöðvar þar í grennd. ■

## BANDARÍKIN

**RAÐMORÐINGI JÁTAR GLÆPI**
Réttarhöld standa nú yfir í Wichita, Kansas, yfir Dennis Rader. Hann viðurkenndi fyrir dómi í gær að hafa myrt tíu manns á árunum 1974-91 í kynferðislegum tilgangi. Rader er betur þekktur sem BTK – Bind-Torture-Kill (binda-pynta-drepa) – en með þeirri skammstöfun undirritaði hann bréf til fjölmiðla þar sem ódæðunum var lýst.



**SPÁNARSNIGILL** Þessi spánarsnigill fannst í Ártúnsholti í byrjun september 2004. Annar fannst í Vesturbænum árið áður.

# Skaðræðisdýr kann að hafa numið land

**Full ástæða er til að óttast að spánarsnigillinn illræmdi hafi þegar numið land hér. Hann er mjög stór, étur allt sem fyrir verður og skilur eftir sviðna jörð. Tveir sniglar hafa fundist hér, annar í Vesturbænum en hinn í Ártúnsholti.**

**DÝRALÍF** Full ástæða er til að vera á varðbergi gagnvart spánarsniglinum illræmda, sem fundist hefur tvisvar hér á landi, að sögn Erlings Ólafssonar dýrafræðings hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Tveir spánarsniglar hafa fundist í Reykjavík, annar í fyrra en hinn árið þar áður. Annar fannst í Vesturbænum og hinn í Ártúnsholti. Báðir sniglarnir voru sendir til Svíþjóðar þar sem staðfest fékkst að um þessa tilteknu tegund væri að ræða.

„Það er ekki hægt að fullyrða að þessi snigill hafi numið land hér, þótt vissulega sé sú hætta fyrir hendi,“ sagði Erling. „Það kemur ekki í ljós fyrr en nú síðsumars hvort fleiri sniglar þessarar tegundar finnast en það að sjá hann í sitt hvorum borgarhlutanum finnst mér benda til þess að hann sé kominn.“

Spánarsnigillinn er skaðræðisskepna þar sem hann er landlægur. Hann leggst á ýmiss konar gróður, til að mynda kál og kartöflukál, og skilur eftir sig sviðna jörð. Hann er rauðbrúnn að lit, mjög stór, allt upp í 12 – 15 sentímetra langur. „Hann étur allt sem fyrir verður,“ segir Erling. „Það er allt matur hjá honum, meira að segja hundaskítur. Hann fer ekki um í flokkum en getur verið býsna þétt, allt upp í nokkra á fermetra.“

Spánarsnigillinn hefur dreifst um alla Evrópu, þar á meðal um Norðurlöndin. Hann er upprunninn í Suður-Evrópu, til að mynda Spáni og Portúgal, en hefur dreifst til norðurs og austurs. Hann getur borist með ýmsu móti, að sögn Erlings, til dæmis með grænmeti og plöntum sem fluttar eru inn með rótum.

„Honum hefur fjölgað allsnarlega á Norðurlöndum og í Færeyjum og gert þar usla,“ segir Erling. „Nágrannaþjóðum okkar hefur ekki tekist að útrýma honum, þrátt fyrir ýmsar tilraunir. Ég á eftir að kynna mér þau mál betur.“

Spánarsnigillinn fjölgar sér eins og aðrar sniglategundir með því að verpa eggjum. Erling segir að bæði eggin og ungviðin lifi af veturinn. Það kemur því í ljós með haustinu hvort þessi vágestur er kominn til að vera.

**jss@frettabladid.is**

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Síminn skaðabótaskyldur

**DÓMSMÁL** Landssíma Íslands var í gær gert að greiða fyrirtækinu Gullveri frá Stykkishólmi rúma eina milljón króna ásamt dráttarvöxtum sem leigu vegna fjarskiptamasturs fyrirtækisins á lóð Gullvers.

Hafði Gullver keypt húsnæði og lóð að Aðalgötu 7 af ríkissjóði árið 2001 en á henni stóð mastur sem Síminn átti og notaði. Töldu eigendur Gullvers að Síminn ætti að greiða leigu vegna eigendaskiptanna en Síminn féllst ekki á það.

Féll dómur Héraðsdóms Reykjavíkur Gullveri í hag í gær. **-aöe**



**BOÐORÐIN TÍU Í DÓMSHÚSI** Hæstiréttur Bandaríkjana taldi ekki samræmast stjórnarskránni að boðorðin væru til sýnis, eins og í þessu dómhúsi í Kentucky.

Dómhús í Bandaríkjunum:

# Bann við boðorðunum tíu

**BANDARÍKIN, AP** Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur úrskurðað að dómhús skuli héðan af ekki hafa boðorðin tíu til sýnis. Dómhúsin sem um ræddi voru í fylkinu Kentucky og taldi dómurinn að trúarleg merking boðorðanna þar væri svo mikil að hún gengi gegn stjórnarskrárreglu um aðskilnað ríkis og kirkju. Níu dómarar dæmdu málið, fimm voru fylgjandi ákvörðuninni og fjórir á móti, sem þykir til marks um hversu umdeilt það er. Dómurinn staðfesti að það gengi ekki gegn stjórnarskránni að sýna boðorðin á öðrum opinberum stöðum. ■

*Verslaðu við traustan aðila!*

**LEIGJUM TJÖLD**
sem henta við öll tækifæri!



Fyrir brúðkaup, ættarmót, afmæli, partý og alls konar samkomur.
Hafðu samband og við gerum þér tilboð!

**OPIÐ:**
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16

SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

## VEÐRIÐ Í DAG

**FRAMUNDAN ER STÓR FERÐAHELGI**
Já framundan er ein stærsta ferðahelgi ársins, fyrsta helgin í júlí. Eins og staðan er nú er útlit fyrir hið þokkalegasta veður þó e.t.v. verði ekki skínandi sól alla helgina. Það er helst að sjá í kortunum nú að það verði suðlægar og síðar suðaustlægar áttir. Yfirleitt fremur hægar, síst kannski allra vestast. Horfur eru á úrkomulitlu veðri, alla vega framan af. Á sunnudag gæti þó farið að rigna við austur- og suðausturströndina. Milt verður í veðri.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Hæglætisveður.

### Fimmtudagur




Strekkingur með ströndum sunnan og austan til, annars hægari.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C | heiðskírt | París | 30°C | heiðskírt | Alicante | 31°C | heiðskírt |
| Osló | 22°C | heiðskírt | Berlín | 30°C | alskýjað | Milano | 34°C | heiðskírt |
| Stokkhólmur | 18°C | hálfskýjað | Frankfurt | 30°C | heiðskírt | New York | 26°C | alskýjað |
| Helsinki | 14°C | skúrir | Madrid | 34°C | skúrir | San Francisco | 20°C | hálfskýjað |
| London | 20°C | hálfskýjað | Barcelona | 32°C | heiðskírt | Orlando/Florida | 31°C | hálfskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

NÓATÚN

# 30% afsláttur á öllu pökkuðu grillkjöti!

**Gildir aðeins þriðjudag og miðvikudag!**

**Sólheima lífrænt ræktað grænmeti og ávextir í Nóatúni!**




Venjulegt verð í Nóatúni er 798 kr./kg.




Mundu Chester Fried

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA



## KJÖRKASSINN

*Á R-listinn að stilla upp á lista með opnu prófkjöri?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 76,2% |
| Nei | 23,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Getur eitthvert lið komið í veg fyrir að FH-ingar verji Íslandsmeistaratitil sinn í fótbolta?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Spenna vex vegna brottflutningsins frá Gaza:

# Áróðursstríð í bláu, hvítu og appelsínugulu

**JERÚSALEM, AP** Ólga fer nú vaxandi í Ísrael vegna brottflutnings landnema frá Gaza-ströndinni sem hefjast á í ágúst. Enn sem komið er eru mótmælin þó að mestu friðsamleg.

Í gær ollu andstæðingar brottflutningsins truflunum á umferð en þúsundir þeirra stilltu sér upp við helstu umferðaræðar landsins. Þeir sögðu þó að ekki væri meiningin að tefja vegfarendur heldur einungis að vekja athygli á málstað sínum.

Þá komu húsatökumenn úr hópi andstæðinga brottflutningsins sér fyrir í rústum húsa landnema á Gaza sem herinn reif um helgina. Þegar hermenn reyndu að rýma rústirnar kom til lítilsháttar átaka við mótmælendurna. Íbúar í landinu hafa hins vegar helst orðið varir við mótmælin eftir að andstæðingar og stuðningsmenn brottflutningsins tóku að hengja borða út um allt, á bíla, fatnað og ljósastaura svo dæmi séu tekin. Appelsínugulur er einkennislitur þeirra sem leggjast gegn brottflutningnum en þeir sem eru honum hlynntir skrýðast bláu og hvítu. Litirnir eru þegar orðnir stórpólitískir, til dæmis var sendinefnd indverskra þingmanna beðin um að taka niður appelsínugula trefla sína á dögunum til að styggja engan.

Sjálfur brottflutningurinn hefst svo um miðjan ágúst. ■



MYND/AP

**KRÓKURINN MAKAÐUR** Vefnaðarverksmiðjur græða á tá og fingri við að sauma borðana. Sem stendur eru appelsínugulu borðarnir meira áberandi enda hefur dreifing þeirra staðið lengur.



**BURÐARMIKLIR STÓLPAR** Forsteyptum stólpum er komið fyrir á steyptum undirstöðum en stólparnir eru misstórir; frá 17 tonnum upp í 34 tonn.

Alcoa Fjarðaál:

## Stólpar í þúsundavís

**ÁLVER** Hlutfallslega meira fer af forsteyptum einingum í álver Alcoa í Reyðarfirði en í nokkurt annað álver sem byggt hefur verið. Bechtel, sem annast byggingu álversins, hefur lagt inn pöntun hjá BM Vallá fyrir þúsundum forsteyptra eininga af ýmsum stærðum og gerðum en nú þegar er búið að koma fyrir 130 af 488 forsteyptum stólpum sem bera munu uppi stálgrind kerskálanna. Í ágúst verða steyptar hellur fyrir kerskálana og eru starfsmenn BM Vallár að hanna steypumót sem hellurnar verða steyptar í. **kk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**FÍKNIEFNAMÁL Í REYKJAVÍK**
Tveir voru handteknir í íbúð í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt mánudags. Þrír lögreglubílar komu að gleðskap í íbúðinni og fann lögregla eitthvað af amfetamíni og hassi.

**HURÐUM OG GLUGGUM STOLIÐ**
Sumarbústaðareigendur í nágrenni Búðardals komu að bústað sínum hurða- og gluggalausum á sunnudag. Gluggar og hurðir höfðu verið tekin í heilu lagi úr bústaðnum. Lögreglan telur að þjófurinn ætli sér að nota þýfið í annan bústað. Ekki er vitað hvenær þjófnaðurinn átti sér stað.

# Nauðgað að skipun öldungaráðsins

**Hæstiréttur Pakistans hóf í gær að fjalla um mál konu sem nauðgað var af hópi karla að skipan öldungaráðs bæjarins. Leiðin í hæstarétt hefur verið þyrnum stráð en styrkur konunnar hefur vakið aðdáun bæði heima og erlendis.**

**PAKISTAN** Pakistönsk kona sem nauðgað var af hópi karla í refsingarskyni hefur nú eftir langa baráttu fengið illvirkjana dregna fyrir hæstarétt landsins. Hugrekki konunnar hefur vakið heimsathygli og jafnframt beint sjónum fólks að stöðu kvenna í þessum heimshluta.

Óhætt er að segja að Makhtar Mai, 36 gömul kona frá Punjab-héraðinu, hafi mætt miklu mótlæti allt frá júnídeginum örlagaríka árið 2002. Þá úrskurðaði öldungaráðið í þorpinu hennar að Mai skyldi nauðgað vegna þess að bróðir hennar hafði gert sér dælt við konu úr öðrum ættflokki. Skömmin sem fylgir nauðgunum þýðir að fátítt er að konur sæki kvalara sína til saka. Mai ákvað aftur á móti að tala um þessa hræðilegu lífsreynslu og freista þess að fá ódæðismennina dæmda.

Héraðsdómur dæmdi sex menn til dauða fyrir verknaðinn en átta voru hins vegar sýknaðir. Í mars á þessu ári sneri hins vegar áfrýjunardómstóll dómunum við, sýknaði fimm manns og breytti dauðadómi þess sjötta í lífstíðarfangelsi.

Til að bæta gráu ofan á svart var Mai sett í farbann á dögunum en henni hafði verið boðið að halda erindi í Bandaríkjunum og bar Pervez Musharraf, forseti Pakistans, því við að hann vildi ekki að hún talaði illa um land sitt erlendis. Vegna alþjóðlegs þrýstings aflétti stjórnvöld í Islamabad hins vegar farbanninu. Mai hefur aftur á móti verið undir ströngu eftirliti lögreglu, að sögn henni til verndar.

Í gærmorgun kom hæstiréttur saman í stutta stund en frestaði svo réttarhaldinu um einn dag. „Ég er afar bjartsýn. Ég vona að upphaflegi dómurinn öðlist gildi á ný og þeim sem misþyrmdu mér verði refsað,“ sagði Mai skömmu áður en dómararnir hittust.

Paul Anderson, fréttaritari BBC í Pakistan, segir málið vera prófstein á vilja stjórnvalda til að verja rétt og stöðu kvenna í landinu. Mannréttindasamtök telja að þau hafi hingað til hvorki sýnt áhuga né getu til að koma í veg fyrir að ættarhöfðingjar taki lögin í sínar hendur eins og gerðist í máli Mai.

Samhliða málarekstrinum hefur Mai látið til sín taka í baráttunni fyrir bættum réttindum kvenna. Þrátt fyrir að vera sjálf ólæs hefur hún til dæmis haft forgöngu um stofnun skóla fyrir stúlkur í heimahéraði sínu. **sveinng@frettabladid.is**



MYND/AP

**Í LÖGREGLUFYLGD** Mukhtar Mai hefur kvartað undan því að lögreglumenn fylgi henni hvert fótmál. Yfirvöld segja eftirlitið vera henni til verndar.



**KÍNVERSKUR MYNDATÖKUMAÐUR** Hvílir sig við upptökur á Appointment, sjónvarpsþætti sem gerður er til sýninga í farsímum.

Kínversk tækninýjung:

## Sjónvarpið í farsímann

**AP, PEKING** Farsímaeigendum í Kína gefst nú kostur á að horfa á sjónvarpsþátt sem er gerður fyrir farsíma. Þátturinn heitir Stefnumót og fjallar um tvo mótorhjólakappa sem reyna að vinna hylli sömu konunnar. Hver þáttur er fimm mínútur á lengd og er hægt að horfa á hann í sérstökum farsímum gegn vægu gjaldi.

Að sögn aðalleikara þáttanna er mjög erfitt að leika í þáttum fyrir farsíma vegna þess að þar ræður knappur stíll ríkjum og ekki talið vænlegt að byggja á miklum samtölum. ■

Sjómaður sóttur:

## Slasaðist á andliti

**BJÖRGUN** Maður slasaðist á andliti um borð í bátnum Smáey frá Vestmannaeyjum aðfaranótt mánudags og var fluttur með Ingibjörgu björgunarskipi Landsbjargar til Hafnar í Hornafirði. Maðurinn hrasaði á fiskikar með þeim afleiðingum að hann hlaut stóran skurð á vör og tennur brotnuðu. Ingibjörg var kölluð út kl. 4.30 og gekk ferðin vel. Komið var með skipverjann til Hafnar í Hornafirði um átta leytið og fékk maðurinn aðhlynningu á heilsugæslustöðinni á Hornafirði. ■






Svifflugmenn ósáttir við niðurrif Hlíðarenda:

# Segjast sviknir um húsnæðið

**HÚSNÆÐISMÁL** Forsvarsmenn Svifflugfélags Íslands telja sig svikna í samskiptum við verktakafyrirtækið Mark-Hús. Fyrirtækið vinnur að framkvæmdum á íþróttasvæði Vals við Hlíðarenda og telja svifflugmenn sig hafa haft orð framkvæmdastjóra þess fyrir því að félagið fengi sjálft íþróttahúsið til nota. Var hugmyndin að taka það niður, flytja á Sandskeið, þar sem félagið hefur aðstöðu, og breyta því í flugskýli.

Nú er annað uppi á teningnum og verið að rífa húsið í brotajárn.

Kristján Skarphéðinsson formaður Svifflugfélags Íslands telur ur slæmt að borgaryfirvöld hafi ekki stutt hugmyndir félagsins en það er í hópi elstu íþróttafélaga borgarinnar. Fulltrúar borgarinnar eiga sæti í byggingarnefnd Vals.

Þá telur félagið það bruðl með peninga að húsið skuli rifið í brotajárn en því ekki fundið annað hlutverk, enda kostar það svifflugmenn upp undir 25 milljónum króna meira að reisa nýtt flugskýli frá grunni. **bþs**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HLÍÐARENDI ENDALAUS** Vinna við niðurrif íþróttahúss Vals við Hlíðarenda er hafin. Brakið fer í brotajárn, svifflugmönnum til armæðu.

Áttavilltir klippið hér

www.icelandexpress.is

Gömlu höfuðstöðvarnar að **Suðurlandsbraut 24**.

Suðurlandsbraut

Grensásvegur

Bústaðavegur

Nýjar höfuðstöðvar Iceland Express
í **Grímsbæ við Bústaðaveg**.

# ICELAND EXPRESS TILKYNNIR BROTTFÖR Á BÚSTAÐAVEGINN

Á meðan við umbyltum samgöngumöguleikum þjóðarinnar sprengdum við utan af okkur húsnæðið. Viðskiptavinir okkar eru hjartanlega velkomnir í nýtt og mun stærra húsnæði á annarri hæð í verslunarmiðstöðinni Grímsbæ við Bústaðaveg. Símanúmerið okkar og afgreiðslutíminn verða áfram í fullu gildi. Sjáumst!

**Verð frá: 7.995 kr.***

**Barnaverð: 5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum.
Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir formaður Skógræktarfélags Íslands?*

2 *Hverjir fengu rauða spjaldið í leik Fylkis og FH á Íslandsmóti karla í fótbolta?*

3 *Hversu mikið safnaðist í Neyðarhjálp úr norðri?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Í mál við ríkið vegna nýrra laga um fasteignasölur:

# Málssókn undirbúin af krafti

**DÓMSMÁL** Unnið er hörðum höndum að því að undirbúa málssókn nokkurra manna, sem eiga og reka fasteignasölur, á hendur ríkinu, að sögn Halldórs Backmans héraðsdómslögmanns. Stefnt er að því að málið verði tekið fyrir í héraðsdómi í september.

Umræddir einstaklingar telja, að í nýjum lögum um fasteignasölur felist brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar um eignarétt og atvinnufrelsi. Með gildistöku laganna er gert skylt að þeir sem eiga og reka fasteignasölur verði að afla sér löggildingarréttinda. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu uppfylla ekki allir þau skilyrði sem þarf til að sækja löggildingarnám en þar er meðal annars krafist stúdentsprófs.

Þá kveða nýju lögin á um að sé fasteignasala stunduð í nafni félags skuli fasteignasalinn eiga meirihluta í því. Halldór segir þetta þýða, að eigendur sem séu án löggildingar verði að selja fyrirtæki sín. Sú sala geti ekki farið fram nema innan þröngs hóps og með þessu sé verið að gera umræddar fasteignasölur nánast verðlausar. Um sé að ræða hreina eignaupptöku að mati umbjóðenda sinna.

-jss



**FASTEIGNAVIÐSKIPTI** Ný lög um fasteignasölur setja þrengri skorður um skilyrði sem menn verða að uppfylla til að mega annast fasteignaviðskipti.

Þensla í Noregi:

# Húsnæðisverð fer hækkandi

**NOREGUR** Talsverð þensla hefur verið á norskum fasteignamarkaði undanfarin misseri. Íbúðaverð hækkaði að jafnaði um 4,1 prósent á milli fyrsta og annars ársfjórðung þessa árs en hefur síðan 1993 hækkað um 103,7 prósent. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs einungis hækkað um fjórðung. Lágir vextir og traustur efnahagur eru sagðar orsakir verðhækkananna.

Terje Hansen hagfræðiprófessor sagði í viðtali við Aftenposten að til þess að slá á þensluna mætti afnema vaxtabætur, því þá myndi spurn eftir lánsfé dragast saman. Ólíklegt er þó að pólitísk samstaða náist um það. ■



**GAY PRIDE** Mikið verður eflaust um dýrðir þegar Gay Pride-gangan verður farin í Jerúsalem, þvert á vilja margra borgara.

Gay Pride í Jerúsalem:

# Samkynhneigðir fá að ganga

**ÍSRAEL, AP** Gay Pride-gangan verður farin í Jerúsalem þrátt fyrir að borgarstjórinn þar hafi bannað hana.

Þetta er niðurstaða ísraelsks dómstóls sem að auki dæmdi borgarstjórann til þess að greiða skipuleggjendum hátíðarinnar andvirði tæpra fimmtíu þúsund íslenskra króna í sekt úr eigin vasa.

Hommar og lesbíur hafa deilt við strangtrúaða gyðinga og múslima, sem vilja ekki sjá Gay Pride í þessari helgu borg. Óhætt er að fullyrða að samstaða náist ekki á hverjum degi milli þessara tveggja hópa. ■

# Hrun Framsóknarflokks í norðurkjördæmunum

**Framsóknarflokkurinn tapar meira en tuttugu prósentustiga fylgi í norðausturkjördæmi samkvæmt könnun. Flokkurinn fékk besta kosningu í þessu kjördæmi í síðustu kosningum og fjóra þingmenn.**




**STJÓRNMÁL** Framsóknarflokkurinn tapar rúmlega tuttugu prósenta fylgi í norðausturkjördæmi samkvæmt könnun Gallup frá því í byrjun mánaðarins. Flokkurinn mælist nú með 12,3 prósenta fylgi en í síðustu alþingiskosningum hlaut hann 32,8 prósent. Hefur hann því tapað 20,5 prósentustiga fylgi í kjördæminu frá því í kosningunum ef marka má könnun Gallup.

Samfylking mælist með mest fylgi í kjördæminu eða 31 prósent og eykur fylgi sitt úr 23,5 prósentum, Sjálfstæðisflokkur fengi 29 prósent en hlaut 23,5 prósent í kosningum, Vinstri-grænir fengju 23,7 prósent og fengu 14,1 prósent í kosningum og Frjálslyndir mælast með 3,4 prósent en höfðu 5,6 prósent í síðustu kosningum.

Alls tóku 144 afstöðu í norðausturkjördæmi en könnunin var hluti af þjóðarpúlsi Gallup og mældi afstöðu til stjórnmálaflokka á landsvísu í síðasta mánuði. Vera má að lítið úrtak í hverju kjördæmi endurspegli ekki nægjanlega vel afstöðu til stjórnmálaflokkanna í hverju kjördæmi fyrir sig. Í könnun Gallup mældist fylgi Framsóknarflokksins í sögulegu lágmarki en flokkurinn tapar mestu fylgi í norðausturkjördæmi þegar litið er til allra kjördæma.

Í norðvesturkjördæmi bæta Vinstri-grænir og Samfylkingin við sig verulegu fylgi. Vinstri-grænir fá samkvæmt könnuninni 16,1 prósent en fengu 10,6 prósent í kosningu og Samfylking fengi 32,4 prósent en hlaut 23,2 prósent í alþingiskosningum. Framsóknarflokkurinn mælist með 11,9 prósent en hafði 21,7 prósent í kosningum og Frjálslyndi flokkurinn mælist með 10,6 prósent fylgi en fékk 14,2 prósent í síðustu kosningum.

Alls tóku 103 einstaklingar afstöðu í norðvesturkjördæmi. Úrtakið í könnun Gallup var 2.344 manns fyrir landið allt og svarhlutfall 61 prósent.

hjalmar@frettabladid.is








**SADDAM HUSSEIN** Hefur verið í fangelsi síðan 2003 en var þá búinn að skrifa skáldsögu sem nú á að gefa út.

Skáldsaga Saddams:

# Bönnuð í Jórdaníu

**JÓRDANÍA** Jórdanir hafa bannað útgáfu á nýrri skáldsögu eftir Saddam Hussein. Yfirvöld óttast að bókin, sem fjallar um araba sem vinnur sigur yfir erlendum aðkomumanni, gæti haft skaðleg áhrif á samskipti Jórdaníu við nýja valdhafa í Írak.

Búið er að prenta tíu þúsund eintök af bókinni, sem bíður nú dreifingar í öðrum löndum arabíska heimsins. Dóttir Saddams, búsett í Jórdaníu, stendur fyrir útgáfunni, en bókin hafði beðið útgáfu í upplýsingamálaráðuneyti Husseins þegar innrásin var gerð í Írak fyrir tveimur árum. ■

999 kr

# Frábært verð á skóm

## fyrir alla fjölskylduna



999 kr
verð áður 1.299-

## Kanvas skór
svartir, rauðbrúnir
st. 36-46

999 kr



## Netaskór lokaðir
Margir litir st. 28-41



999 kr
verð áður 2.999-

**Sportskór**
m/ röndum. Margir litir st. 37-46



999 kr
verð áður 2.999-

**Gervigrasskór**
Margir litir st. 35-46




999 kr
verð áður 1.999-

**Barna sportskór**
m/ teygjum, bleikir, bláir st. 24-34



999 kr
verð áður 2.999-

**Sportskór**
m/ teygjuriflás, svartir, st. 28-40

Ekta leður



999 kr
verð áður 2.999-

**Sportskór**
m/ röndum, rauðir, svartir st. 36-45



999 kr
verð áður 1.699-

**Gúmmískór blóma**
bleikir, bláir, st. 36-41

Gildir til 3. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



MYND/AP

**MUNAÐARLAUS** Lögreglumaður í bænum Cerignola, nærri Foggia á Suður-Ítalíu, heldur á litlu barni sem fannst yfirgefið úti á götu í gær. Ekkert er vitað um barnið sem er kallað Fortunata Maria Diletta en þó er talið að móðir þess sé ítölsk.

Hlýindi og væta:

# Frjókornaofnæmi blossar strax upp

**HEILBRIGÐISMÁL** Frjókornaofnæmi blossar nú upp í kjölfar hlýinda og vætu undanfarinna daga, að sögn Dóru Lúðvíksdóttur sérfræðings í lungna- og ofnæmissjúkdómum.

„Það er mikið að aukast þessa dagana,“ segir hún. „Það kom svolítill hlýindakafli fyrir páska og þá lét frjókornaofnæmið aðeins á sér kræla. Það var fremur lítið í maí, en er nú farið aftur af stað eins og í meðalári.“

Dóra segir, að samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands hefur fjöldi grasfrjókorna mælst undir meðallagi á síðustu dögum og heldur minna heldur en á sama tíma í fyrra. Aftur á móti mældist töluvert af birkifrjókornum í loftinu nú en yfirleitt væri farið að draga úr fjölda þeirra á þessum tíma í meðalári.

„Skýringin getur verið sú, að maí var fremur kaldur og þurr. Þegar vætan kemur með hlýindum fer allur gróður af stað,“ segir Dóra, sem bendir fólki á að það geti leitað sér aðstoðar hjá lækni sé það illa haldið af frjókornaofnæmi. -jss



**SLÁTTUR** Fólk sem hættir til að fá frjókornaofnæmi ætti að forðast að vera nærri nýslegnu grasi, að sögn Dóru Lúðvíksdóttur sérfræðings.

Norrænir forsætisráðherrar:

# Funda á Fjóni

**DANMÖRK** Forsætisráðherrar Norðurlandanna komu saman í Danmörku í gær til þess að sitja árlegan sumarfund forsætisráðherranna.

Fundurinn fer fram á Falsled Kro á Fjóni og lýkur í dag. Meðal umræðuefna eru formennska Dana í Norrænu ráðherranefndinni, umbætur hjá Sameinuðu þjóðunum og staðan í Evrópusambandinu.

Halldór Ásgrímsson, Anders Fogh Rasmussen, Danmörku, Göran Persson, Svíþjóð, Kjell Magne Bondevik, Noregi og Matti Vanhanen, Finnlandi, sitja fundinn en hann var haldinn á Íslandi í fyrra. -rsg


Völusteinn

hefur flutt í Bæjarlind 14 - 16

OPNUNARTILBOÐ

20% AFSLÁTTUR

AF KERAMÍKI, MÁLNINGU, BORÐUM, BLÚNDUM, OG VEFNAÐARVÖRUM

10% AFSLÁTTUR AF ÖLLU ÖÐRU

TILBOÐIN GILDA ÚT ÞESSA VIKU

VÖLUSTEINN fyrir fima fingur

Bæjarlind 14 - 16 / Sími 588 9505 / www.volusteinn.is

hausverk / SÍA




ESSO-mót KA:

# Mörg þúsund gesta að vænta

**KNATTSPYRNA** Von er á fimm til sex þúsund manns til Akureyrar á morgun í tengslum við árlegt ESSO-mót KA í knattspyrnu, í fimmta flokki drengja, en mótið er nú haldið í 19. sinn. Gunnar Gunnarsson mótsstjóri segir að mótið sé fjölmennasti íþróttaviðburður sem haldinn er árlega á Íslandi en um 1400 drengir, í 144 liðum, taka þátt í mótinu og hefur það aldrei verið fjölmennara.

Lokahóf og mótsslit verða í íþróttahúsi KA næst komandi laugardagskvöld en þá mun Eiður Smári Guðjohnsen, landsliðsfyrirliði og Englandsmeistari í knattspyrnu, afhenda verðlaun. kk

Háskólinn á Akureyri:

# Deildarforseti kennaradeildar

**STÖÐUVEITING** Dr. Guðmundur Heiðar Frímannsson hefur verið endurráðinn sem prófessor og deildarforseti kennaradeildar Háskólans á Akureyri til næstu fjögurra ára. Guðmundur Heiðar, sem brautskráðist með doktorsgráðu frá háskólanum í St. Andrews í Skotlandi árið 1992, hefur starfað sem deildarforseti kennaradeildar HA frá 1. júní 1999. Auk þess að sinna kennslu við skólann hefur hann stundað rannsóknir í menntunarfræðum og heimspeki. kk



**GUÐMUNDUR HEIÐAR FRÍMANNSSON** Deildarforsetinn á að baki langan námsferil en hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1972.

## ÁSTRALÍA

**ÓDÝRARI HÁSKÓLAGRÁÐA FYRIR ÚTLENDINGA** Háskólakennarar í Ástralíu fella ekki fjölda erlendra stúdenta þrátt fyrir að þeir uppfylli ekki akademískar kröfur sem gerðar eru til þeirra. Yfirmenn háskólanna telja háskólana ekki mega við því að missa fjármagn sem kemur með erlendu nemunum. Þeir borgi skólagjöld úr eigin vasa en styðjist ekki við ríkisframlög sem alltaf eru að minnka.




FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000




# Hvatning til afreka!

Neðangreind fyrirtæki styðja fjársöfnunarátak Hjartaheilla sem felst í því að samtökin, með Eggert Skúlason í fararbroddi hjóla hringinn í kringum landið, dagana 27. júní til 15. júlí. Einstaklingar og fyrirtæki eru hvött til að leggja þessu verðuga málefni lið.

**Bankareikningur söfnunarinnar er 513 - 14 - 606030 kt. 511083-0369.**

HjartaHeill

1400 km á 15 dögum

Heilsuátak til styrktar Hjartaheilla

Hægðu á þér – tökum slysin úr umferð

Fíton/SÍA

Þar sem tryggingar snúast um fólk

Lífís

ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

LÝSING

**Vátryggingafélag Íslands hf. · Ármúla 3 · 108 Reykjavík · Sími 560 5000 · www.vis.is**

## SVONA ERUM VIÐ

Landnýting á íslandi

| | |
|---|---|
| Byggingar | 1,3 % |
| Skóglendi | 1,4 % |
| Landbúnaður | 19,1% |
| Annað | 78,2 % |



# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** FRJÓKORNAOFNÆMI

# *Samspil erfða og umhverfis*

Nú er genginn í garð sá tími sem frjókornaofnæmi fer að herja á fólk. Á vorin er það birkifrjóið sem veldur usla í þessum efnum, en grasfrjóið á sumarmánuðum, fram undir haust.

**Af hverju stafar frjókornaofnæmi?**

Þegar líkaminn fer að mynda ofgnótt af sértækum mótefnum gegn sérstökum efnum, til dæmis grasi, þá blossar ofnæmið upp. Það getur gerst eftir að einstaklingurinn hefur verið útsettur fyrir miklu magni af frjókornum í 2 – 3 ár. Þá fer ónæmiskerfið að svara áreitinu með því að mynda mikið af mótefnum sem síðan setjast á bólgufrumur. Það veldur aftur því að þegar fólk kemst í tæri við frjókorn er líkaminn með tilbúin mótefni, svo af stað fer bólgufrumusvörun. Bólga og bjúgur koma í slímhúðina og oft fylgir mikill kláði. Einn af bólgumiðlunum sem losna heitir histamin og veldur kláðanum fyrst og fremst á þeim stöðum þar sem frjókornin setjast, einkum í öndunarveg og augu.

**Er fólk mismóttækilegt fyrir frjókornaofnæmi?**

Hér ríkir samspil erfða og umhverfis. Þeim sem hafa mikið magn af þessu tiltekna mótefni frá fæðingu er hættara við að mynda frjókornaofnæmi en hinum. Þá hefur frjókornamagn í umhverfinu einnig talsvert að segja.

Fólk virðist vera næmara fyrir þessu ofnæmi á fyrri hluta ævinnar. Eftir 35-40 ára aldur minnkar tilhneigingin, en er þó alltaf til staðar í einhverjum mæli.

**Hvað er til ráða?**

Til eru lyfjameðferðir sem læknar leiðbeina um. Nefna má sprautumeðferð sem felst í því að sjúklingurinn fær lítið magn af ofnæmisvaldinum undir húð í 3-5 ár. Við þetta getur fólk læknast. Þá er notuð töflumeðferð sem kemur í veg fyrir losun á bólgumiðlum. Hægt er að nota töflurnar fyrirbyggjandi eða eftir þörfum.



Þeir sem eiga á hættu að fá frjókornaofnæmi eiga að varast birki á vorin og nýslegið gras og túnsúrur á sumrin. Varast ber að hafa svefnherbergi á jarðhæð og að fara í útilegur í júlímánuði.

## SPURT & SVARAÐ

**SPURT OG SVARAÐ: ER KJÖTFJALLIÐ HORFIÐ?**



## *Allt kjötið fer beint á markað*

Lengi vel sátu íslenskir bændur uppi með heilu kjötfjöllin vegna dræmrar sölu og offramboðs. Nú er öldin önnur. Baldvin Jónsson er verkefnisstjóri hjá Bændasamtökunum.

**Er eðlilegt að lambakjötsbirgðir klárist áður en nýtt kjöt kemur á markað?**

Það má segja að svo sé, enda betra fyrir alla aðila. Bændurna þar sem þeir fá hærra verð fyrir eftirsótta vöru sína frekar en að sitja uppi með birgðir sem svo þarf kannski að farga. Neytendur vegna þess að þeir fá betri vöru fyrir vikið.

**Hækkar þá ekki verðið?**

Eflaust eitthvað en stóra málið er að kjötfjallið er með öllu horfið og bændur eru nú að framleiða fyrir markaðinn í stað þess að framleiða upp á von og óvon um sölu.

**Hver er framtíðin fyrir neytendur**

Ef vel tekst til hjá þeim bændum sem gera tilraunir með að slátra fyrr en venjulega í september má gera ráð fyrir að nýtt ferskt kjöt verði í boði fyrir neytendur á þeim tíma þegar best lætur yfir hásumarið.




# Einkalíf undir smásjá fjölmiðla

**Umfjöllun tímaritsins Hér og nú og DV um skilnað Bubba Morthens og Brynju Gunnarsdóttur hefur vakið hörð viðbrögð. Deilt hefur verið á að mun harðar sé gengið fram gagnvart fólki en fjölmiðlar hafa áður gert og einkalíf þess ekki virt sem skyldi.**

Mikil umræða hefur verið um það undanfarið hvert íslenskir fjölmiðlar séu að þróast í kjölfarið á umfjöllun blaðanna DV og Hér og nú um skilnað Bubba og Brynju. Hér og nú sló því upp á forsíðu á dögunum að Bubbi væri fallinn en átti þó aðeins við að hann væri byrjaður að reykja. Einnig hafa þessi blöð fjallað um meint framhjáhald og jafnvel notað vafasamar aðferðir til að fá viðmælendur til að tjá sig að því er Ásgerður Guðmundsdóttir sagði í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Hún hafði áður sagt í tímaritinu Hér og nú að Brynja hefði haldið framhjá Bubba með eiginmanni sínum. Fleiri en einn virðast íhuga lögsóknir gagnvart þessum fjölmiðlum vegna umfjöllunar þeirra.

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að nokkur mál liggi fyrir hjá stofnunni þar sem kvartað er undan fréttamiðlum. Þótt Persónuvernd hafi nokkrum sinnum fjallað um mál þar sem tjáningarfrelsi og einkalíf skarast hafa það ekki verið mál sem tengjast hefðbundinni fréttamennsku. Stjórn Persónuvernar mun sérstaklega taka afstöðu til þess að hve miklu leyti Persónuvernd getur tekið afstöðu til þeirra mála, en það er dómstóla að skera úr um refsiábyrgð.

Rétturinn til tjáningarfrelsis og rétturinn til einkalífs getur víða skarast en þótt lögin séu ekki afgerandi virðist lengst af hafa ríkt bærileg sátt um það hvar hin siðferðislegu mörk liggi. Í dag tala menn hins vegar um nýja gerð fjölmiðlunar og sitt sýnist hverjum um gæði hennar, enda er einn af fylgifiskum fréttamennskunnar sá að ekki er borin sama virðing fyrir fjölskyldu þeirra sem í fréttunum eru.

grs@frettabladid.is



**RÓBERT MARSHALL**
Formaður Blaðamannafélagsins.

## Ómerkilegt og orkar tvímælis

„Mér finnst að blaðamenn eigi að fá að dansa á línunni milli tjáningarfrelsis og einkalífs og jafnvel stundum að megi fara yfir hana. En þeir verða þá að passa sig á því að fara ekki of langt," segir Róbert Marshall, formaður Blaðamannafélagsins. „Þannig væri undir ákveðnum kringumstæðum í lagi að fjalla um að Bubbi væri aftur farinn að reykja, enda hefur hann tjáð sig um reykingar á opinberum vettvangi. En það verður að huga að framsetningunni. Mér fannst margt í þessu orka tvímælis auk þess hve ómerkilegt þetta er gagnvart viðkomandi persónum." Róbert segir DV hafa endurskilgreint mörkin milli einkalífs og tjáningarfrelsis. „Ég myndi verja tjáningarfrelsið eins mikið og þurfa þykir, en því fylgir ábyrgð. Þú verður að ganga þannig fram að þú sért ekki að búa til umhverfi þar sem menn færu í fullri alvöru að skoða það að takmarka tjáningarfrelsið."

## Vill ekki að Séð og heyrt sé líkt við DV og Hér og nú

„Ég verð að segja það að mér finnast DV og Hér og nú hafa farið offari í fréttaflutningi sínum um einkalíf fólks upp á síðkastið," segir Bjarni Brynjólfsson, ritstjóri Séð og heyrt. Hann tekur sem dæmi umfjöllun blaðanna um Bubba Morthens og einnig manninn sem veiktist af hermannaveiki. „Mér finnst það sem gerist inni í svefnherbergjunum vera einkamál fólks. Framhjáhald hefur frá upphafi verið bannorð hjá Séð og heyrt. Við höfum einnig forðast að elta fólk með myndavélina þó vissulega hafi svokallaðar paparassimyndir ratað inn í blaðið."

Bjarni segist ekki ætla að fara með blaðið á sömu slóðir og ofangreindir fjölmiðlar. „Mér finnst óþægilegt að Séð og heyrt sé líkt við þessa fjölmiðla þar sem okkar meginmarkmið er að gera lífið skemmtilegra, en ekki að eyðileggja líf fólks. Ég vil taka það fram að þrátt fyrir tíu ára útgáfu hefur Séð og heyrt aldrei verið lögsótt.



**BJARNI BRYNJÓLFSSON** ritstjóri Séð og heyrt.

## Ganga ekki of langt í umfjöllun

Nei, mér finnst það ekki," segir Mikael Torfason, ritstjóri DV aðspurður um það hvort íslenskri fjölmiðlar væru farnir að ganga of langt í umfjöllun um einkalíf fólks. „Ég get ekki séð að nein sérstök breyting hafi orðið á þau sjö ár sem ég hef verið í blaðamennsku. Viðtöl hafa verið tekin við fólk um einkalíf þess áratugum saman bæði í blöðum og tímaritum. Við á DV segjum bara fréttir og einstaklingar eru oft tilefni frétta."

Mikael tekur dæmi af húsi sem verið er að byggja en skyggir á hús nágrannanna og verður í kjölfarið tilefni kærumála og fjölmiðlaumfjöllunar. „Það er ekki húsið sem byggir sig sjálft, heldur er það einstaklingur sem byggir húsið. Þetta má síðan yfirfæra á dómsmál, pólitík og annað."



**MIKAEL TORFASON** Ritstjóri DV

Mikael segir DV leggja meiri áherslu á einstaklingana á bak við fréttina en aðrir fjölmiðlar. „Við förum ekki í Kringluna og veljum af handahófi, heldur er alltaf tilefni. Við leggjum áherslu á hver gerði hvað, hvar, hvenær, hvernig, hvers vegna og hvað svo?"



Íslandsdeild Amnesty International:

# Fjöldi félagsmanna tvöfaldast

**MANNRÉTTINDI** Félögum í Íslandsdeild Amnesty International fjölgaði um tæplega tvö þúsund á síðastliðnu ári. Þeir eru nú um fjögur þúsund. Þetta sagði Jóhanna K. Eyjólfsdóttur, framkvæmdastjóri deildarinnar í hádegisþætti Fréttablaðsins á Talstöðinni í gær. Jóhanna sagði einnig að hún teldi að íslensk stjórnvöld verði við áskorun þeirra ríflega sjötíu sem óski þess að þau hvetji Bandaríkjastjórn til að leyfa rannsóknir á meintum pyntingum í Guantanamó-fangelsinu á Kúbu. Íslensk stjórnvöld hafi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna stutt tillögur um að mannréttindi séu virt í stríðinu gegn hryðjuverkum.

„Það væri því eðlilegt framhald að íslensk stjórnvöld þrýstu á bandarísk stjórnvöld um að allar ásakanir um pyntingar verði rannsakaðar og hinir ábyrgu verði dregnir til ábyrgðar; að eftirlitsfulltrúi Sameinuðu þjóðanna fái aðgang að öllum þessum fangelsum; að þeir sem eru í haldi fái ákæru og réttláta dómsmeðferð ellegar verði leystir úr haldi og að Guantanamo verði lokað,“ sagði Jóhanna. **- gag**




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MEÐ ÁRSKÝRSLU MANNRÉTTINDASAMTAKA Í HÖND** Jóhanna K. Eyjólfsdóttir framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International.



**BRAKANDI ÞURRKUR** Úrkoma hefur verið með minnsta móti á Ítalíu í sumar og því er yfirborð vatnsbóla helmingi lægra en í meðalári. Fljótið Pó er ekki svipur hjá sjón, raunar má segja að það líkist frekar læk þessa dagana.



**SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR**
Forstjóri Persónuverndar

## Fjölmiðlar að ná nýrri lægð

„Mér finnst margt í fjölmiðlum hafa náð ákveðinni lægð sem ég hef ekki séð fyrr,“ segir Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar. „Burtséð frá lögmæti fréttamennskunnar þá vekur þessi umfjöllun oft spurningar um það hvort viðkomandi blaðamenn kunni einföldustu mannasiði.“

Hún tekur fram að þetta séu sínar skoðanir en ekki Persónuverndar. „Að mínu mati er það hlutverk dómstóla frekar en Persónuverndar að fjalla um slík mál. Einungis þeir geta skorið úr um það hvort fjölmiðill hafi við gerð fréttar brotið lög og skapað sér bóta- eða refsiábyrgð. Við höfum hins vegar í nokkrum tilvikum gefið almennt álit um opinbera umfjöllun en það hafa ekki verið mál sem tengjast hefðbundinni fréttamennsku. Síðustu mánuði hafa nokkrar slíkar kvartanir borist til okkar en það bíður stjórnar Persónuverndar að taka afstöðu til þess að hvaða marki það falli undir hennar valdsvið að afgreiða þau mál.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 500

FRÉTTABLAÐIÐ



www.volkswagen.is




# Nýr Polo

## Verð frá 1.395.000 kr.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3719

**TDI® dísilvélar – tækniundur fyrir tuttugustu og fyrstu öldina.**

DIESEL = 

- hljóðlátari
- meiri kraftur og snerpa
- minni eyðsla
- umhverfisvænni




# Nýr Fox

## Verð frá 1.150.000 kr.

**Öruggastur í sínum flokki**

**Volkswagen Fox reyndist öruggasti bíllinn í sínum stærðarflokki í árekstrarprófi ADAC í Þýskalandi og fékk fjórar stjörnur.** Prófið er byggt á staðli EuroNCAP og er árangur Fox betri en hjá sambærilegum bílum frá Renault, Toyota, Citroen og Peugeot í samskonar prófum.

Heimild: Byggt á nýlegu árekstrarprófi ADAC og Autobild.

---

Hekla kynnir tvo nýja bíla: Volkswagen Fox og nýja útgáfu af Volkswagen Polo. Frábær hönnun, kraftur og öryggi eru lykilatriðin. Bílarnir eru rúmgóðir, ríkulega búnir og verðið er hreint frábært.

**Polo og Fox fást nú með nýju umhverfisvænu TDI® dísilvélunum sem gera þá einstaklega hagkvæma í rekstri. Komdu og reynsluaktu.**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Aðeins rúmur helmingur kosningabærra manna tók þátt í atkvæðagreiðslu um margræddar skipulagstillögur.

## Landlausir Seltirningar

Þáttaskil urðu í margra mánaða umræðu um skipulagsmál á Seltjarnarnesi um síðustu helgi þegar Seltirningar greiddu atkvæði um tvær skipulagstillögur; íþróttavöll og íbúðabyggð. Þrátt fyrir miklar umræður um málið í langan tíma greiddi aðeins röskur helmingur kosningabærra íbúa atkvæði um tillögurnar tvær, og þessi litla kjörsókn verður varla afsökuð með því að kosið hafi verið á laugardegi og margir á ferðarlagi, heldur er nær helmingur Seltirninga óánægður með báðar tillögurnar eða hefur lítinn áhuga á málinu, hvað svo sem veldur. Þeir sem vildu íþróttavöll áfram við Suðurströnd höfðu sigur. Úrslitin voru nokkuð afgerandi og þau eru bindandi.

Það hefur löngum verið tekist á um skipulagsmál á Seltjarnarnesi

*Skipulagstillögurnar sem greidd voru atkvæði um á laugardag voru að því leyti ólíkar tillögum sem hart hefur verið tekist á um á Nesinu á undanförnum árum, að nú var ekki verið að ganga á ósnortna náttúru, heldur var þetta aðallega spurningin um hvar íþróttavöllur bæjarins ætti að vera.*

og ástæðan er sú að Seltirningar eru mjög aðþrengdir með land, og stækkunarmöguleikar bæjarins takmakaðir af þeim sökum. Bæjaryfirvöld þar hafa fram til þessa ekki farið sömu leið og í nágrannasveitarfélögunum að gera landfyllingu fyrir íbúðahúsabyggð og atvinnulóðir, enda yrði þá við erfiða andstæðinga að etja sem búa bæði á norðanverðu og sunnanverðu Nesinu.

Skipulagstillögurnar sem greidd voru atkvæði um á laugardag voru að því leyti ólíkar tillögum sem hart hefur verið tekist á um á Nesinu á undanförnum árum, að nú var ekki verið að ganga á ósnortna náttúru, heldur var þetta aðallega spurningin um hvar íþróttavöllur bæjarins ætti að vera. Fyrir nokkrum árum var hart tekist á um skipulag íbúðahúsabyggðar á Valhúsahæð, og þar varð niðurstaðan sú að leyft var að byggja utan í hæðinni. Mestu átökin urðu hins vegar þegar lagðar voru fram tillögur um íbúðahúsabyggð í námunda við Nesstofu, og þar var ekki um að ræða ágreining eftir flokkslínum, heldur skiptust menn í fylkingar eftir því hvort þeir vildu hlífa umhverfi hins sögufræga húss sem Nesstofa er eða byggja í námunda við hana. Vestasti hluti Seltjarnarness er sannkölluð náttúruperla í dag með iðandi fuglalífi sínu í og við Bakkatjörn. Þetta er svæði sem ekki má skerða og þarf að hlúa að eftir því sem við á, jafnframt því sem þarna á að vera aðgengilegt útivistarsvæði.

Eftir atkvæðagreiðsluna er mikið verk eftir við að vinna úr þeirri tillögu sem flestir kusu. Það virðist líka mikil vinna vera eftir við að skipuleggja miðbæjarkjarna, sem hýsir verzlun og líka atvinnustarfsemi á Nesinu. Í tillögunum sem kosið var um var þessum málum lítill gaumur gefinn, sem er furðulegt, þegar á annað borð er verið að leggja fram róttækar skipulagstillögur í ekki stærra bæjarfélagi. Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi hljóta að þurfa að taka þau mál til rækilegrar endurskoðunar, því einhvers staðar verður að ætla slíkri þjónustustarfsemi rými. Þar virðist ekki margra kosta völ, því meginatriðið varðandi allar skipulagstillögur á Seltjarnarnesi er að Seltirningar eru landlitlir, og því ekki í mörg hús að venda varðandi framþróun og eflingu byggðar í bæjarfélaginu. ■

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Listelskir stjórnmálamenn**
Fréttir af pólitískt skipuðu safnráði Listasafns Reykjavíkur vekja furðu sumra og kátínu annarra. Þótt Stefán Jón Hafstein, formaður menningar- og ferðamálaráðs, sverji fyrir að stjórnmálamenn eigi að hafa puttana í listaverkakaupum verður stundum hugsað til þess hvað hefur gerst þegar stjórnmálamenn hafa haft mikil afskipti af list og listamönnum. Nægir þar að minnast stöðugra deilna á fyrri árum um úthlutanir Alþingis til listamanna að ógleymdum deilunum sem risu þegar Jónas frá Hriflu fékk velflesta listamenn landsins upp á móti sér með yfirlýsingum sínum um hvað væri list og hvað ekki auk áhrifa sinna á fjárveitingar til listamanna. Reyndar þarf ekki að fara svo langt aftur því það fór fyrir brjóstið á sumum að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, nú formaður Samfylkingar, og Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri-grænna, skyldu vera í dómnefndum vegna Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir fáeinum árum.



**Smalari í framboðshug**
Nú þegar rykið er farið að setjast eftir fjaðrafokið sem varð vegna varaformannskjörs á landsfundi Samfylkingar er einn hershöfðingja Ágústs Ólafs Ágústssonar að sögn farinn að íhuga næstu skref. Andrés Jónsson, formaður Ungra jafnaðarmanna, sem fór mikinn í að smala ungliðum á landsfundinn til þess að kjósa Ágúst Ólaf, er sagður íhuga all alvarlega að fara í prófkjör fyrir næstu borgarstjórnarkosningar, hvort sem Samfylkingin býður fram sér eða í áframhaldandi R-listasamstarfi. Andrés hefur margsannað hæfileika sína til þess að smala fólki saman og telja kunnugir því að hann ætti að eiga ágætis möguleika á góðu sæti færi hann fram.



brynjolfur@frettabladid.is

## Hreint land, fagurt land

Í DAG
UMGENGNI UM LANDIÐ



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Það er gaman að ferðast. Einkum er skemmtilegt að ferðast um Ísland, þetta fallega land þar sem nýtt ævintýri leynist bak við hverja hæð, hvern hól. Alltaf er eitthvað nýtt að sjá, eitthvað spennandi að skoða. Sagan lifnar við hvert fótmál, sögur af landnámsmönnum, huldufólki, lífsháska, hraunflóðum og ferðalögum frumherjanna svo örfá dæmi séu nefnd. Æ fleiri kjósa að ferðast gangandi um hluta landsins, velja sér jafnvel árlega nýtt svæði og kanna þannig landið betur og betur. Hornstrandir, Víknaslóðir sunnan Borgarfjarðar, Lónsöræfi og Hvannadalshnúkur eru meðal þeirra svæða sem kallað hafa göngufólk til sín á síðustu árum. Landið okkar kallar okkur til góðra verka af ýmsum toga. En sýnum við landinu þá virðingu sem það á skilið?

Sjálfsagt fer það að einhverju leyti eftir því hvað við er átt. Um hvernig virðingu er rætt? Ýmsar leiðir eru til þess að sýna landinu virðingu og jafnframt vanvirðingu. Fyrsta boðorð ferðamennskunnar, hvort sem ferðamaðurinn er gangandi, akandi, hjólandi eða ríðandi, er að taka ekkert með sér nema minningarnar og skilja ekkert eftir nema fótsporin. Sýna landinu og öðrum ferðamönnum þá virðingu að ganga vel um og hafa snyrtimennsku í fyrirrúmi. Fyrir einhverjum árum var uppi látlaus kynning og fræðsla um umgengni. „Hreint land, fagurt land“. Árangur var sýnilegur. Það dró úr rusli á almannafæri, áningastaðir urðu snyrtilegri, sú undarlega árátta að fleygja rusli út um bílglugga hvarf nánast alveg. Nú virðist mér heldur hafa hallað undan fæti aftur. Kannski er það fylgifiskur þessarar svokölluðu velmegunar sem við búum við núna. Allt skal metið til fjár, allt fæst keypt og peningar koma og fara. Þar með verður

*Ef við munum að ekkert er sjálfgefið, ef við munum að sýna þakklæti er líklegt að við göngum betur um þær gjafir sem okkur eru gefnar.*

allt einhvern veginn minna virði, þar á meðal umhverfi okkar og náttúra. Gallinn er bara sá að við getum ekki keypt hreina náttúru og ómengað land. Það kemur enginn annar og tekur til á tjaldstaðnum eftir okkur. Enginn hirðir upp sígarettustubbinn sem einhver skildi eftir sig í vegkantinum, matarleifar liggja og rotna og plastið fýkur um.

Öllum þykir ljúft að setjast niður úti í móa með gott nesti, hlusta á árniðinn og fuglasönginn og finna ilminn af birki og lyngi. En enginn vill rekast á leifar síðustu gestakomu á slíkum áningastað. Umbúðirnar eru erfiðastar. Það er makalaust að fylgjast með öllum þessum umbúðum. Plast og aftur plast í ýmsu formi og hver hlutur þarf allt að ferns konar umbúðir til að vera söluvara. Þeir sem taka með sér mat út í náttúruna sitja uppi með umbúðir sem þeir vilja helst losna við. Eðlilega. Matarumbúðum fylgir lykt sem verður fljótlega lítt heillandi. Þá þarf að hafa í huga að ef við gátum komist með umbúðirnar, ásamt innihaldinu á tiltekinn stað, þá getum við ljóslega tekið umbúðirnar með okkur aftur til byggða þar sem þeim er fargað samkvæmt sérstökum reglum. Í ýmsum fjallaskálum er tekið við sorpi og það flokkað og síðan fargað eftir sérstökum reglum og bróðurparturinn fluttur til byggða með ærnum tilkostnaði. Í öðrum skálum er engin sorphirða og þá verða gestir sjálfir að taka með sér sitt sorp til byggða. Það gildir til dæmis almennt um alla gönguskála. Enda getum við væntanlega tekið til baka hluta af því sem við tókum með okkur á staðinn. Hluta af, vegna þess að við erum búin að borða matinn innan úr umbúðunum. Mörgum gistiskálum á hálendinu er þjónað af ótrúlegri natni og umhyggjusemi og starfið að mestu unnið í sjálfboðavinnu. Aðföng eru víða mjög erfið, jafnvel þarf að bera allt á bakinu, hreinlætisvörur, gas og annað sem þarf til að taka á móti ferðamönnum. Gestir hljóta því að sýna þessu fórnfúsa fólki þá virðingu að ganga vel um skálana, skilja ekkert eftir sem þar á ekki að vera og skilja við skálana eins og þeir vilja sjálfir koma að þeim. Jafnframt sýnum við landinu okkar og náttúrunni virðingu. Og í slíkri virðingu er jafnframt falið þakklæti, þakklæti til fólksins sem fórnar frítíma sínum og orku til þess að þjónusta skálana og þakklæti til náttúrunnar fyrir að mega njóta hennar.

Kannski er þakklætið einmitt lykillinn. Ef við munum að ekkert er sjálfgefið, munum að hreint loft og tært vatn er ekki sjálfgefið, þaðan af síður hreint umhverfi, góð heilsa, vinátta og svo mætti lengi telja, ef við munum að ekkert af þessu er sjálfgefið og við eigum ekki kröfu til eins né neins, heldur munum að auðsýna þakklæti þá er líklegt að við göngum betur um þær gjafir sem okkur eru gefnar. ■







LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# allt

**brúðkaup**
Brúðarterta handa öllum gestum
BLS. 4



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.00 | 13.31 | 24.01 |
| AKUREYRI | 1.46 | 13.16 | 24.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*
Í dag er þriðjudagur 28. júní, 179. dagur ársins 2005.




**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 5*

**Flokkar**
- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is
vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigurjón sýnir snilldartakta með boltann milli þess sem hann fer í hressandi göngutúra með fjölskyldunni.

# Svitnar yfir visakortinu

***Sigurjón Brink tónlistarmaður er einn af þeim sem ætlar að taka líkamsræktina með trukki ár hvert. Þegar mætingarnar verða strjálli bætir hann það upp með göngum og fótbolta.***

„Ég hef ekki stundað miklar æfingar innan veggja líkamsræktarstöðvanna, en við göngum mikið fjölskyldan og ég fer í fótbolta með tíu ára syni mínum Aroni Brink. Þetta telur allt. Svo reyni ég að borða hollan mat," segir Sigurjón og hlær, en einhverra hluta vegna hlær konan hans enn hærra í bakgrunninum.

„Nei," segir hann grafalvarlegur, „þetta er alveg satt með mataræðið. Hins vegar er ég einn af þeim sem styrki eina líkamsræktarstöð á ári, kaupi mér árskort, svitna í stöðinni í mánuð og svitna svo yfir visareikningnum eftir það. Ég er alltaf að lofa sjálfum mér bót og betrun, en litlar tarnir eru betri en ekki neitt, er það ekki?"

Sigurjón hefur lengi verið á fullu í tónlistinni, og undanfarið í tengslum við Bítlið sem nýlega var frumsýnt í Loftkastalanum.

„Það hefur verið óstjórnlega gaman að vinna að þessu verki. Ég missti reyndar alveg af Bítlunum í mínum uppvexti og hefði sannarlega ekki haft á móti því að vera þátttakandi í æðinu, en það hefur líka verið gaman að garfa í þessu eftir á. Mér fannst ekki leiðinlegt að liggja yfir sjónvarpsefni um Bítlana og það að þessi fjórir einstaklingar skyldu rata saman í tónlistinni er ekkert nema kraftaverk."

Sjálfur fór Sigurjón að fitla við gítarinn 12 ára og stofnaði ásamt vinum sínum hljómsveitina In Bloom sem var að hans sögn þokkalega þekkt og vinsæl. „Við fórum til Bandaríkjanna og ég veit ekki hvað og hvað. Svo höfum við Jói verið í „bítlinu" á Hverfisbarnum undanfarin fjögur ár að ógleymdri hljómsveitinni minni The Flavors sem hefur tekið mikinn tíma."

Sigurjón á þrjú börn, Aron Brink 10 ára, Kristínu Maríu Brink, 5 ára og Hauk Örn Brink 7 vikna, og þau eldri eru ekki bara í fótbolta með pabba heldur líka farin að syngja og leika. „Við erum heilmikil tónlistarfjölskylda og göngutúrarnir eru ekki bara labb heldur heilmikill söngur og leikur að auki."

*edda@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í heilsu*

**Sneiðmyndatæki** hefur verið tekið í notkun á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Tækið er gjöf frá Hollvinasamtökum FSN. Einstaklingar og fyrirtæki lögðu fram fé til kaupanna.

**Landlæknisembættið** hefur gefið út leiðbeiningar um góða starfshætti lækna og sent læknum. Leiðbeiningarnar lúta að atriðum í samskiptum lækna við sjúklinga – en öllu skiptir að þar ríki traust. Áhugasamir geta lesið leiðbeiningarnar á heimasíðu Landlæknis, www.landlaeknir.is.



**Börn og unglingar** eiga ekkert erindi í ljósalampa á sólbaðsstofu. Þetta er mat danskra heilbrigðisyfirvalda sem ráða fólki yngra en 18 ára frá því að stunda sólbaðsstofur. Svíar hafa gengið skrefinu lengra því þar í landi er unglingum einfaldlega bannað að nota ljósalampa – enda búið að sýna fram á tengsl ljósabekkja og tíðni húðkrabbameins.

**Ný tækni** til að greina brjóstakrabbamein þykir lofa góðu í baráttunni við þennan skæða sjúkdóm. Um er að ræða nýja aðferð við blóðgreiningu og samkvæmt fréttum gerir þessi aðferð vísindamönnum kleift að greina meinið fyrr en áður hefur tíðkast. Norskt fyrirtæki, DiaGenic, vinnur að þróun þessarar rannsóknartækni.

*heilsa@frettabladid.is*

JÚNÍ
Kafbátur mánaðarins
Túnfiskbátur
með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða



Gildir í júní 2005
Gildir ekki í Stjórnumáli
Gildir ekki með öðrum tilboðum

6 tommu bátur kr. 299
12 tommu bátur kr. 499
SUBWAY

**Upphitun**
Afar mikilvægt er að hita sig upp fyrir líkamleg átök til þess að koma í veg fyrir meiðsl. Hægt er að hita upp með léttri göngu og einföldum teygjum. Aðeins þarf að ná hjartslættinum upp án þess að reyna of mikið á sig.





Feður sem þjást af þunglyndi geta haft slæm áhrif á tilfinningalegan þroska barna sinna.

# Feður þjást líka af fæðingarþunglyndi

***Áhrif fæðingarþunglyndis feðra á börn þeirra eru ótvíræð og lýsa sér í hegðunarvanda og tilfinningalegum vanþroska þeirra síðar á lífsleiðinni.***

Prófessorar við háskólana í Bristol og Oxford komust að þessum niðurstöðum eftir rannsókn sem lauk nýverið. Þeir segja fæðingarþunglyndi algengara meðal feðra en talið var og leggja til að starfsfólk heilbrigðisstétta sé betur vakandi fyrir vandamálinu.

Um 8.400 nýbakaðir feður tóku þátt í rannsókninni og í ljós kom að 3,6%, eða 303 feðranna, þjáðust af þunglyndi 8 vikum eftir fæðingu barnsins. Þunglyndið lýsti sér í kvíða, geðsveiflum og pirringi.

Rannsóknin var gerð á þriggja og hálfs árs börnum og þættir eins og depurð, áhyggjur og hegðunarvandamál voru skoðuð í ljósi þunglyndis feðranna. Drengir komu verr út úr rannsókninni en stúlkur, en dr. Ramchandi, einn þeirra sem stóð að rannsókninni, rekur það til þess að feður sinna drengjum sínum á annan hátt en stúlkum. „Áhrif feðra á ung börn hafa verið vanmetin, en nú er kominn tími til þess að taka það vandamál alvarlega,“ sagði prófessorinn.

# Stíflar ekki meltingarfærin

***Ekki er hættulegt að kyngja tyggjó en vissara að gera það ekki.***



Mörg okkar kannast við að hafa heyrt að stórhættulegt sé að kyngja tyggigúmmí því það taki mörg ár að melta tyggjóð eða að það stífli meltingarkerfið. Þrátt fyrir að það sé ekki satt er ekki ætlast til þess að maður kyngji tyggigúmmi. Algengasta innihald tyggigúmmís er sykur, grunnefni, síróp, bragðefni, litarefni og mýkingarefni eins og til dæmis grænmetisolía. Grunnefnið er efnasamsetning sem leysist ekki upp en kemur bragðefnunum til skila, og samanstendur af plasti, gúmmíi og latexi. Sætuefni sem eru sett í tyggigúmmí í stað sykurs eins og sorbitol og xylitol geta valdið niðurgangi ef mikið af tyggigúmminu er gleypt á skömmum tíma.

## Fylltu á járnbirgðir líkamans

HÆGT ER AÐ TRYGGJA AÐ LÍKAMINN FÁI NÆGILEGT JÁRN MEÐ ÞVÍ AÐ BORÐA JÁRNRÍKA FÆÐU.

Járnskortur lýsir sér í þreytu, sleni og svima og getur verið hvimleitt vandamál. Konur á barneignaraldri þurfa að passa sérstaklega vel upp á járnið enda missa þær blóð einu sinni í mánuði. Járn er afar mikilvægt fyrir barnshafandi konur. Hægt er að fá járntöflur í apótekum en einnig má fylla á járnbirgðir líkamans með því að velja rétta fæðu.



1. Borðaðu kjúkling, fisk, egg og rautt kjöt. Þessar fæðutegundir innihalda mikið járn. Blóð er járnríkt og því getur hvers kyns innmatur eins og hjörtu, lifur og blóðmör, verið góður kostur til að birgja sig upp af járni.
2. Ef þig langar í snakk fáðu þér þá járnríka þurrkaða ávexti eins og apríkósur, sveskjur, ferskjur og rúsínur.
3. Byrjaðu daginn með því að fá þér járnríkt morgunkorn eða brauðmeti í morgunmat. Gróft korn inniheldur mikið járn.
4. Borðaðu líka mat sem inniheldur hvort tveggja járn og C-vítamín s.s. spergilkál.



5. Þegar þú borðar járnríkan mat skaltu einnig tryggja að þú fáir nægilegt magn af C-vítamíni. C-vítamín er nauðsynlegt til þess að vinna járnið úr fæðunni. Spínatsalat með appelsínubátum er til dæmis góður kostur.
6. Notaðu potta úr steyptu stáli við eldamennskuna. Þegar eldað er í slíkum pottum leysist örlítið járn út í fæðuna.



7. Drekktu te milli máltíða en ekki með mat. Te inniheldur tannín sem hindrar upptöku járns í líkamanum. Jurtate er góður kostur.


Futurebiotics
NÆTURBRENNSLA
Undraverður árangur
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI
TRYMTONE DIETARY SUPPLEMENT
3 hylki fyrir svefn
Fæst í apótekum, heilsubúðum og matvöruverslunum

Gallerý fiskur í verslun
Lúðurúllur með aspasosti og grænum aspas
Saltfiskur á rösti kartöflu með grillaðri papriku og chilli rækjum
Laxafiðrildi með dijonsinnepi púðursykri og salthnetuhjúp
Grillpinnar með humar, lax og lúðu
Fiskipönnukökur í indverskum stíl
Grillmarineraðar fisksteikur
Veitingahús: mán.-fös. 11:30-15:00 & 18:00-22:00, lau. 18:00-22:00
Verslun: mán.-fös. 10:00-18:30
Nethylur 2, 110 RVK. S: 587 2882
www.galleryfiskur.is

Yggdrasill
Erum flutt að Skólavörðustíg 16 í stærra og glæsilegra húsnæði. Margar nýjar vörur og tilboð. *tilbúnir réttir beint í ofninn, *ekta ítalskur ís og margt fleira.
Verið velkomin á Skólavörðustíginn
Yggdrasill
Lífrænt ræktaðar vörur frá 1986 • S: 562 4082

Engin rotvarnarefni!
Enginn sykur!
Gerlaus!
Fæst í öllum helstu matvöruverslunum
Drangabakstur ehf

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA SUMARYOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

ROPE YOGA
stöðin Bæjarhrauni 22
Júlí tilboð
Ótakmörkuð mæting á aðeins 7.900 kr.
Kennari Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir. Skráning er hafin í síma 555-3536 eða 694-2595 ropeyoga@internet.is
Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður / 3. hæð til vinstri

LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17
maður lifandi
Borgartúni 24

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
VERÐLÆKKUN
SLENDERTONE MAX 12.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 17.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

SMOOTHIE
ávaxtadrykkur
smoothiepack
100% hreinn fyrir þig
Arka • Sími 899 2363

Sykurlaus jógúrt!
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio•Bú
www.biobu.is var kosinn besti íslenski bændavefurinn
Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

!
Talstöðin
FM 90,9

**SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ**

# Misvísandi fræðsla

Hvernig pumpar maður sig upp? Oft er ég spurður að hinu og þessu um hvernig og hversu mikið við getum breytt líkamanum. Þessar spurningar geta verið ansi skondnar og stundum alveg ótrúlegar! Heimskt er heima alið barn – En... Það getur samt enginn sakað okkur um heimsku varðandi líkama okkar (og sál?) þegar við tökum tillit til hversu misvísandi „fræðslu“ við neytendur erum „beittir“ af hálfu söluaðila sem selja hvers kyns tæki, áhöld, búnað, bækur, fatnað, fæðu, duft og pillur sem eiga, í það minnsta í sumum tilfellum, að geta leyst nær öll okkar vandamál.

## Hasarmyndablöð

Þegar ég var lítill gaur las ég hasarmyndablöðin, bæði frábæru íslensku Tarzanblöðin og einnig bandarísku DC Comics-blöðin, með öllum sínum ofurhetjum. Ekki er ólíklegt að þar hafi slæðst inn í ómótaðan huga minn, sem og annarra, fyrirmyndir af vöðvastæltum hetjum sem leystu öll vandamál með blöndu af kröftum og vitsmunum.

## Vanskapaðar fyrirmyndir?

Reyndar dettur mér í hug, bara meðan ég skrifa þennan stutta pistil, hversu mikið teiknimyndahetjurnar m.a. í sjónvarpinu hafa breyst? Nú eru margar þeirra nær vanskapaðar útlitslega og jafnvel einnig upp á mál og málfar og hegðun þeirra virðist oftar en ekki einkennast af sérstaklega heimskulegum uppátækjum. Spurning hvernig þessar fyrirmyndir munu reynast börnum okkar?

## Auglýsingaskrum

Aftur að heilsurækt. Ein auglýsing úr bandarísku hasarmyndablöðunum sat eftir í minni mínu frá því í barnæsku. Þar var myndasería sem sýndi mann verða gífurlega vöðvastæltann. Aðferðin sem hann notaði var vægast sagt óvenjuleg því hann bókstaflega „pumpaði“ sig bara upp með einhvers konar pumpu. Á sínum tíma hugsaði ég: Hvar fær maður eiginlega svona pumpu? Engin pumpa! Því miður komst ég að því að það er engin svona pumpa til, í það minnsta ekki enn þá. Ef ég frétti af einni slíkri þá verð ég fyrstur til að tilkynna þér það, kæri lesandi. Þá getum við pumpað okkur upp á fullu og að minnsta kosti litið út fyrir að vera í rosa góðu formi... Hér og nú! Þangað til vonast ég til þess að við sjáumst úti í göngutúr, að skokka, hjóla, á línuskautum, í sundi, fótbolta, körfubolta, nú eða bara í Laugum þar sem ég vinn við að „pumpa“ fólk upp... Gangi þér vel!

Þetta og önnur hollráð er að finna á vefsvæði Heilsuráðgjafar www.heilsuradgjof.is

**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.



Futurebiotics
Framúrskarandi fyrir
MELTINGUNA
Byggir upp eðlilega flóru í maga og meltingarvegi
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI


Fæst í apótekum, heilsubúðum og matvöruverslunum

metasys®
Bylting í þyngdarstjórnun
Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys


Eykur orku og brennslu á við 30 mínútna skokk á dag.
Jafnar blóðsykur er vatnslosandi, andoxunarríkt og hressandi.
Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 5517020

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fallega sólbrún(n) - innan frá
Vísindalega staðfest. Imedeen Tan Optimizer - hylki verka innan frá og veita gylltan húðlit, sem helst lengur en þig hefur nokkurn tímann dreymt um.
Hylkin undirbúa húðina fyrir sólina, minnka roða og viðkvæmni fyrir sól, verja húðina gegn öldrun af völdum sólar og örva myndun á fallegri sólbrúnku.
IMEDEEN®
www.imedeen.com



BÖRLIND SÓLARVÖRN
Náttúruleg vörn gegn skaðlegum geislum sólar
Nú er vert að huga að vörnum gegn skaðlegum geislum sólar. Viðkvæm húð þarf sólarvörn sem gefur ríkulega næringu og öfluga vörn. Sólarvarnarlína Börlind er sniðin að þörfum viðkvæmrar húðar. Hún er laus við óæskileg aukaefni og er því sérlega heppileg fyrir börn, fólk með viðkvæma húð og alla þá sem vilja vernda húðina á áfrifaríkan og náttúrulegan hátt. Í línunni er m.a. einstaklega kælandi og græðandi Afer sun.


Sólarvarnarlína Börlind er eingöngu unnin úr jurtum með virkum efnum náttúrunnar.
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi




Hvers vegna notar þú Rautt Eðal Ginseng?

**Lilja Valdimarsdóttir, Hornaleikari:**
Til að vera frísk og svo er ég líka einbeittari.

**Ragnheiður Runólfsdóttir, Sundþjálfari:**
Það er gott fyrir heilsuna og eflir mann í leik og starfi.

**Ragnhildur Sigurðardóttir, Golfari:**
Keppnisgolf er mjög krefjandi, þess vegna nota ég Rautt Eðal Ginseng. Þannig kemst ég í andlegt jafnvægi, skerpi athyglina og eyk úthaldið.




Rautt Eðal Ginseng
Skerpir athygli og eykur þol.

**Skipulagning**
Samkvæmt bandarískum rannsóknum skipuleggja þrjátíu prósent brúða brúðkaupin sín í sjö til tólf mánuði.





FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eyjólfur notar sjöfalt stækkunargler við fínustu vinnuna.

# Býr til trúlofunarhringi innan um blómin

***Trúlofunarhringir hafa verið auglýstir til sölu ofan við skúrdyr í Kleppsholtinu í áratugi. Þegar þeim dyrum er lokið upp kemur í ljós lítið og heimilislegt verkstæði með öllum græjum og gróskumikilli blómarækt í glugga.***



Úti á stéttinni er nokkurs konar brúðarbekkur og að sögn Eyjólfs kemur fyrir að fólk tyllir sér á hann og trúlofar sig.

Eyjólfur situr við vinnuborðið á verkstæðinu við Hjallaveg 25 og býr sig undir að bræða saman málma. Blandan verður 14 karöt. Það er algengasti styrkleikinn og nú eiga að standa tölustafirnir 585 á smíðinni í stað 14 áður. Það er samkvæmt Evrópustaðli. Austurlenskir vilja þó heldur 18 karata hringi, að sögn Eyjólfs.

„Það er bæði hægara og fljótlegra að smíða úr 18 karata gulli því það er miklu mýkra. En hringirnir verða dýrari og er hættara við að spænast upp,“ segir hann.

Eyjólfur tekur að sér verk fyrir einstaklinga, meðal annars smíði trúlofunar- og giftingarhringja, en er ekki með vörur sínar í verslunum. Yfirleitt er tveggja daga afgreiðslufrestur á hringjum. Þegar hann er spurður hvort það sé ekki sérstök tilfinning að handfjatla stöðugt dýra góðmálma og eðalsteina svarar hann: „Jú, það er auðvitað gaman en ég vildi samt alveg skipta um vinnu á tíu ára fresti. Maður verður samdauna því sem maður er að gera og kann ekkert annað.“ Ekki kveðst hann hafa safnað auði með gullsmíðinni enda gæti hann þess að bjóða sanngjarnt verð. Hann hefur verið með verkstæðið við Hjallaveginn frá því 1981 og stundum hefur verið ös. „Það hafa komið sex pör á dag og ég hef þurft að smíða nánast jafnóðum. Samt er þetta nú ekki alveg eins og í fiskbúð!“ bætir hann við hlæjandi.

Við höfum flutt
verslun okkar og
hönnunarverkstæði
ofar á Laugaveginn
í rúmgott
og bjart húsnæði
að Laugavegi 52
Gull & Silfur
Sími: 552 0620



ÞÚ HEYRIR
ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér
fréttir oftar á
sólarhring en
nokkur önnur
íslensk útvarpsstöð.
!
Talstöðin
FM 90,9

BRÚÐAR
GJAFIR
• • •
Gallerí Fold
Kringlunni og Rauðarárstíg
LISTMUNASALA
fold



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Séra Pálmi Matthíasson gaf Ragnar og Angelu saman í stofunni heima hjá foreldrum Ragnars.

# Bónorð borið upp í Kairó og brúðkaupið í stofunni heima

***Ragnar Páll Ólafsson og Angela Jeanine Mumm gengu í það heilaga í vetur. Þau ákváðu að hafa athöfnina látlausa og giftu sig í stofunni heima hjá foreldrum brúðgumans.***



Stólum var raðað upp í stofunni og henni breytt í eins konar kapellu. Eftir athöfnina var slegið upp langborðum í stofunni og bornar fram gómsætar kræsingar.

Ragnar Páll Ólafsson, dagskrárgerðarmaður á Rás tvö, kynntist konu sinni Angelu Jeanine Mumm fyrir tæpum tveimur árum síðan. Þau urðu fljótt ástfangin og giftu sig 19. mars síðastliðinn. „Við náðum strax rosalega vel saman og okkur fannst sjálfsagt að taka þetta skref. Við elskum hvort annað og viljum eyða ævinni saman og stofna fjölskyldu,“ segir Ragnar, sem þessa dagana er einn í kotinu því Angela er í framhaldsnámi í tannlækningum í Bandaríkjunum. Aðskilnaðurinn verður þó ekki langur því Ragnar flytur til Bandaríkjanna á næstunni.

Þar sem fjölskylda Angelu átti ekki heimangengt fannst skötuhjúunum kirkjubrúðkaup ekki ganga upp og voru um tíma að hugsa um að fara til sýslumanns. Að lokum ákváðu þau að halda brúðkaupið heima í stofu og sjá svo sannarlega ekki eftir því. „Við fengum séra Pálma Matthíasson til þess að koma heim í hús foreldra minna og athöfnin fór fram þar,“ segir Ragnar. „Húsið er stórt og við breyttum stofunni í litla kapellu. Röðuðum upp stólum og kveiktum á kertum. Þetta var ofboðslega falleg athöfn þótt allt væri smátt í sniðum.

Tæplega fjörutíu gestir mættu í veisluna. „Þetta heppnaðist allt mjög vel og fólk skemmti sér konunglega. Þegar athöfninni var lokið röðuðum við upp langborðum í stofunni og svo var setið til borðs og borðaður dýrindis matur frá Kokkunum. Við fengum líka Ragga Bjarna og Þorgeir Ástvalds til þess að taka nokkur lög. Það vakti gríðarlega lukku og stemningin var frábær,“ segir Ragnar og þvertekur fyrir það að veislur þurfi að vera stórar og fjölmennar til að vera skemmtilegar. „Þetta var bara ofboðslega falleg og rómantísk veisla. Við kveiktum á óteljandi kertum og þegar kvöldaði og fór að dimma skapaðist notaleg stemning í stofunni. Brúðardansinn var á sínum stað og gestirnir dönsuðu dálítið í stofunni.“

Þar sem hjónin verða á faraldsfæti milli Íslands og Bandaríkjanna er ekki stefnt á brúðkaupsferð. „Eiginlega förum við í brúðkaupsferðina áður en við giftum okkur. Í desember í fyrra fórum við Egyptalands og þar bað ég hennar formlega þótt brúðkaupið væri löngu ákveðið,“ segir Ragnar, en bónorðið bar hann upp í fallegu musteri í Kairó.

*thorgunnur@frettabladid.is*

# Fallegur siður að morgni

***Það er hefð fyrir því að eiginmaður færi eiginkonu sinni gjöf morguninn eftir brúðkaupið.***

Það er gamall siður að brúðgumi færi brúði sinni morgungjöf þegar hjónin vakna eftir brúðkaupsnóttina. Morgungjöfin var upprunalega gjöf brúðgumans til brúðarinnar en ekki tíðkaðist að brúðurin gæfi bónda sínum slíka gjöf. Þar sem gjöfin er oftast kölluð morgungjöf er líklegt að hún hafi upprunalega verið afhent morguninn eftir brúðkaupsnóttina og ýmsir telja að gjöfin hafi þá verið eins konar borgun fyrir meydóm brúðarinnar.

Fyrr á öldum var algengt að konur fengju allt frá litlu fingurgulli upp í heilt höfuðból í morgungjöf og ekki var óalgengt að samið væri skriflega um gjöfina í kaupmálanum. Frá síðustu öld eru til dæmi um að konur hafi fengið hest, kind, armband, hring eða borðbúnað í morgungjöf en á síðari árum er algengast að um skartgripi sé að ræða.



MYND/GETTY

Nú til dags er algengast að skartgripir séu gefnir í morgungjafir.

Þótt uppruni siðarins sé ef til vill ekki í samræmi við hjónabandshugmyndir nútímamanna er morgungjöf fallegur siður sem sjálfsagt er að halda við. Á tímum jafnréttis hefur líka færst í aukana að brúðurin gefi brúðgumanum gjöf enda fátt rómantískara en að skiptast á gjöfum morguninn eftir brúðkaupið.

Heimild: Árni Björnsson, Merkisdagar á mannsævinni.



## Allir verða að fá bita af brúðartertunni

ÞAÐ ER GAMALL OG GÓÐUR SIÐUR AÐ BJÓÐA UPP Á TERTU MEÐ KAFFINU.

Samkvæmt gamalli trú á brúðurin á að skera fyrstu sneiðina á brúðkaupstertunni því annars á hún í vændum barnlaust hjónaband. Enn betra þykir ef brúðguminn leggur hönd sína yfir hennar þegar hún sker tertusneiðina. Brúðkaupsgestir fylgjast jafnan grannt með þessari athöfn. Þá er ráð að hafa tertuna nægilega stóra eða nægilega margar tertur því löngum verið talið ills viti ef brúðkaupsgestirnir fá ekki allir bita af tertunni.

## Hjólbarðar




## Varahlutir

Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Peugot-Citroen.**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Nissan, VW, Subaru, Skoda og fl. Opið mán-föst 9-18.

Kia Rio, Kia Sephia, Kia Shuma. Varahlutir í miklu úrvali. Uppl. í s. 895 0530.

Er að rífa Landrover Discovery og Deefender. S. 893 1030

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Á varahluti í Charade '88/'93, Civic '91, Lancer Colt '92/'93, Galant '90, Corolla '92, '97, Touring '92, Sunny '92, Micra '91, Swift '90, Subaru '90, Justy, L300 '90, Primera '93, Escort '88. Hyundai Coupe Turbo '93. Sonata '92. Kaupi bíla. S. 896 8568.

## Bílaleiga

**Hertz**
Ertu að fá gesti frá útlöndum? Smáir og stórir bílar við allra hæfi. Afgreiðsla um allt land. Upplýsingar og bókun á www.hertz.is eða í síma 5050600.

**Hertz**
Er hópurinn að fara saman á ættarmót eða bara í dagsferð? Stórir bílar, allt að 15 manna Ford Econoline til leigu. Upplýsingar og bókun á www.hertz.is eða í síma 5050600.

**Hertz**
Bíll í útlöndum. Frábær tilboð á bílaleigubílum. Ford Mustang í viku á Florida frá 9.300 kr. vikan á mann m.v. 2 í bíl. Fiat Punto á Spáni frá 6.250 kr. vikan á mann m.v. 2 í bíl. Opel Corsa í 2 vikur í Danmörku frá 9.675 kr. á mann. m.v. 2 í bíl og 2ja vikna leigu. Renault Clio í Frakklandi frá 9.400 kr. vikan á mann m.v. 2 í bíl. Fiat Punto á Ítalíu frá 8.700 kr. vikan m.v. 2 í bíl. Mismunandi skilmálar gilda eftir löndum. Vildarpunktar við hverja bókun. Sjá einnig www.hertz.is Bókið á hertzerlendis@hertz.is eða í síma 5050600.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Námskeið heima**
Myndband Veru Sörensen kennir undirstöðuatriði málaralistar í olíulitum, litablöndun, notkun pensla, efna og fl. DVD og VHS til sölu í versluninni "Litir og föndur" Smiðjuvegi 4 eða í vinnustofu Veru s. 660 9554 eða 544 8808 www.artvera.com E.mail artvera@internet.is

3ja fm frystir úr einingum til sölu, eins og hálfs árs gamall. Keyptur hjá Jóhann Ólafssyni Hdl. Uppl. í s. 899 9528.

Til sölu tungusófi frá Tekk-húsinu og 4 eldhússtólar frá línunni. Selst ódýrt. S 861-7880.

**Hróarskelda**
Til sölu miði á Hróskeldu ásamt flugi farið er seinnipartinn 30. júni komið heim 5. júli. Selst ódýrt. Nánari upplýsingar í s. 821 8585.

Til sölu mjög vandaður svefnsófi frá Betra Bak, með góðri svefndýnu. einnig fæst gefins gamall leðurhornsófi gegn því að vera sóttur. Uppl. í s. 553 6006 & 863 6006.

**Geymslusala**
Gamlar hurðir, ofnar, dekk með felgum, ljós, aldamótagereft, skápar, gluggakarmar með gleri, símkerfi, snjósleði, barskraut, steinull, coca cola ísskápur, grillborð með háfi, 2 nýjir sturtuklefar með botni, klósett, gamlar tröppur með kopar handriði, rúm, húsgögn og marg margt fleira. Sóltún 24, kjallari. Milli klukkan 13 og 17 þriðjud, miðvikudag og fimmtudag.

Ísskápur 170 cm tvískiptur á 10 þ., 140 cm á 10 þ. 120 cm og 85 cm á 8 þ. Frystiskápur á 10 þ. Eldavél á 5 þ. Hjólabretti á 3 þ. Einnig varahlutir í ýmsa bíla. S. 896 8568.

## Hljóðfæri

Leigjum og seljum hljóðkerfi stór og smá. JBL, Crown, AKG HljóðX. Grensásvegi 12 sími 553 3050.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Til bygginga



**Heimasíða: vidur.is**
Harðviður til húsbygginga. Palla- og girðingaefni, vatnsklæðning, panill og gluggaefni.Verð frá 270.-kr lengdarmetir. Sími 561 1122 / 660 0230

## Verslun



Vorum að taka upp nýjar vörur. Mikið úrval og gott verð. Opið frá 10-18 virka daga. ATH lokað á laugardögum í sumar. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.




# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Gluggatjaldahreinsun og tækniþrif.**
Hreinsum flestar gerðir gluggatjalda t.d rimla, strimla og plíserðuð. Einnig sjónvörp, tölvur, lyklaborð o.fl. sót af brunamunum.
**Bónbræður ehf, Hjallahrauni 8, s. 699 8403 & 896 5066 www.bonbraedur.is.**

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir. Uppl. í s. 824 1455 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Tek að mér þrif í heimahúsum. Á Selfossi, í Hveragerði, í Þorlákshöfn og einnig á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 567 0877 & 698 4940 Sandra.

## Garðyrkja




**Túnþökur.**
Túnþökurúllur, túnþökur og holtagróður ávallt fyrirliggjandi
**Túnverk ehf. 892 3666 Gylfi Jónsson**

**Úði - Garðaúðun**
Örugg þjónusta í 30 ár.
**ÚÐI, Brandur Gíslason, skrúðgarðameistari. Sími 553 2999.**

**Garðsláttur og umhirða.**
Njóttu sumarsins og láttu mig sjá um garðinn. Tek að mér slátt og almenna umhirðu að garðinum, fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög.
**Kem á staðinn og geri tilboð að kostnaðarlausu. S. 869 3028. Ásmundur.**




Garðsláttur, klippingar og önnur garðvinna. Sumarkveðja! Draumagarðar draumagardar@vortex.is




Túnþökur til sölu. Heimkeyrsla í RVK innifalin. S. 847 5007 grassalan@simnet.is

**Túnþökusala**
Túnþökur til sölu. Gerum tilboð í minni og stærri verk. Steini.s. 663 6666/663 7666

Garð og meindýraeyðing. Eyði könguló- um á húsum geitungabúum. Úða garða gegn lús og maðki. S. 567-6090 897 5206.

Tökum að okkur hellulagnir og ýmis önnur verk. Steinaflatir Uppl. s. 699 8826.

## Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Helst inniverk. Eyjólfur. S. 867 4325.

## Meindýraeyðing




Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.




Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

**Hertz**
Þarftu að flytja? Nýir flutningabílar Ford Transit til leigu á hagstæðu verði frá 7.900 kr. með 100 km inniföldum. Bílaleiga Flugleiða - Hertz . s. 5050600 www.hertz.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald




**Eignarviðhald SF**
Steypuviðgerðir, lekavandamál, þakrennuuppsetningar, þakásetningar, þak-og gluggamáling. Trésmíðavinna. Tilboð og tímavinna.
**Áratugareynsla og fagmennska. S. 854 7449, 864 7449 og 565 7449**






**Hreinsum gráma af sólpöllum!**
Sólpallaeigendur, ódýr lausn til að djúphreinsa veðraða sólpalla og gera þá eins og nýja.
**Anton í síma 866 5262.**

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 · Bylgjan 98,9 · FRÉTTABLAÐIÐ · Létt 96,7 · vísir

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Slökkvitæki, slökkvitækjaþjónusta.
**Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.**

Hemlahlutir í bíla
**Fálkinn**

Rafmótorar – gírmótorar
**Fálkinn**

Opnum klukkan 8.
**Vatnsvirkinn Ármúla 21.**

Taktu Herjólf á þjóðhátíð
**pantanir í síma 481-2800.**

Bréfabakkar 199 krónur.
**Griffill alltaf ódýrari**

Kerrur.
**Víkurvagnar**

Legur í bíla
**Fálkinn**

Frjálsi Fasteignabankinn hefur flutt út Ármúlanum í Lágmúla 6.
**Frjálsi Fasteignabankinn.**

GP Alkaline rafhlöður.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Takk fyrir.
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Glóðarsteiktur hamborgari
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Hvar verður þú 1. til 3. júlí?
Humarhátíð á Hornafirði.
**„Ísland sækjum það heim".**

Foster stálvaskar í miklu úrvali.
**Vatnsvirkinn Ármúla**

Rómantík við Ísafjarðardjúp.
**Reykjanes við djúp. Sími: 456-4844.**

Erum í hjarta bæjarins.
**Nýja bakaríið, Keflavík.**

**Stórirskór.is**

Þjónusta á sviði ráðninga.
**Ráðningarþjónustan.**

Þelamörk
**heit sundlaug.**

Hamborgaratilboð.
**Vitaborgarinn Ármúla, Vitabar.**

Sturtuklefar í miklu úrvali.
**Vatnsvirkinn Ármúla 21**

Tölvur, tölvuviðgerðir.
**Tölvukaup**

**hamraborgkopavogi.is**
Rafhlöður.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Bráðvantar dönsku lesbókina Stikker, þú færð
**680 krónur fyrir þína.**

Griffill
**-alltaf ódýrari.**

Ferskt og gott alla daga vikunnar.
**Nýja bakaríið, Keflavík.**

Ferðamöguleikar og viðburðir á norðurlandi í sumar á norðurland.is.
**Markaðsskrifstofa ferðamála.**

Höfum opnað nýtt og glæsilegt útibú Spron að Lágmúla 6. Líttu við og taktu þátt í skemmtilegum leik.
Þú gætir verið á leið í sólina.
**Spron Lágmúla 6**

Kvöldkyrrð við Ísafjarðardjúp.
**Reykjanes við djúp. Sími: 456-4844**

Þar sem fagmaðurinn verslar, er þér óhætt.
**Vatnsvirkinn Ármúla 21**

Baðherbergisvörur í miklu úrvali
**Vatnsvirkinn Ármúla 21**

Hleðslutæki.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Verum bjartsýn
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Þráðlaus innbrota og viðvörunarkerfi, gott verð.
**Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.**

Framlengingarspeglar
**Víkurvagnar**

Opið frá 8 til 18 alla daga.
**Vatnsvirkinn Ármúla 21**

Kúrekafjör, Klukkutími á baki, línudans, skeifukast og ljúffengur kvöldverður.
**Íshestar.is, sími 555-7000**

Hvar sem þú leitar, þú endar alltaf hjá okkur.
**Vatnsvirkinn Ármúla 21**

Útsalan hefst á morgun, 30 til 90% afsláttur.
**Hagkaup.**

Ferðaþjónusta bænda Syðri-Vík Vopnafirði, gisting, veiðileyfi, hestaleiga.
**Sími: 473-1119.**

Humarsúpa á heimsmælikvarða-
**Sægreifinn.**

**Glerjun og gluggaviðgerðir !**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Húsasmiður auglýsir. Þarftu að láta skipta um rennur, glerja eða mála þakið. Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
**S. 892 7260 & 567 0530.**

**FJARLÆGJUM STÍFLUR**
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum, niðurföllum, þak & drenlögnum.
**RÖRAMYNDAVÉL**
**DÆLUBÍLL**
Valur Helgason ehf
**896 1100 - 568 8806**
www.stifla.is

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 ( Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skriftstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Tölvuvandamál? Kem á staðinn. Viðurk. af Microsoft. Mikil reynsla. Ríkharður s. 898 0690, til kl. 23 alla daga.

## Spádómar

**SPÁMIÐILL**
LÆKNAMIÐILL-HEILUN
TEK FÓLK Í EINKATÍMA
**905-7010 697-8602**

**Alspá 908-6440**
Orkulaus? óþarfi. Nýjar leiðir, miðlun og huglækningar. 10-22. Y.Carlsson.

Spásíminn s. 908 5666. Ársspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáindraumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

**Hanna 908-6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

**Laufey 908-6330**
Ertu vandræði í ástarmálunum eða fjámálunum? Það er hægt finna lausn á öllu. Miðlun, tarot og fyrirbænir.

## Viðgerðir

**PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.**
Nýlagnir/ breytingar
almennt viðhald.
**Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.**

**PÍPULAGNIR**
ÖRUGG OG LIPUR ÞJÓNUSTA
SÍMI 699 0100/ 567 9929

Vatn getur skemmt !! Hringdu í Steina pípara. S. 699 0100 & 567 9929.




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554-0661. www.velaverkjs.is

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Innanhúsviðgerðir og lagnir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709.

## Iðnaður

**Horfum til framtíðar!**
**með gæði og endingu í huga.**
**ÁL-KERFI**

# HEILSA

## Heilsuvörur

13 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife á toppnum í 25 ár! Shapeworks-Nouri Fusion www.arangur.is s. 586 8786.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Lærið að tromma hjá trommuleikara Hildar Völu. Gamli sálartrommarinn Birgir Baldursson býður upp á 10 tíma einkanámskeið sem henta byrjendum jafnt sem lengra komnum. S. 820 4533.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Leðursófasett 3+1+1. Sófasett úr svartri nautshúð til sölu. Fjögurra ára gamalt úr Habitat. Mjög vel með farið. Upplýsingar í síma 868 1223. Verðtilboð.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnagæsla

Amma óskar eftir vinnu, er vön. Uppl. í s. 698 2151.

## Dýrahald

**Hundabúr-Hvolpagrindur**
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

**Fallegir Kettlingar**
Tveir yndislegir, kassavanir kettlingar fást gefins á góð heimili. Uppl. í síma 694 5509.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvehf@hive.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Frí leigumidlun. www.leigunet.is

2ja herbergja 78 fm íbúð til leigu í Krummahólum. 85 þús. á mánuði. Innifalið hússj., hiti og gervihnattasjónvarp. S. 822 1538.

Til leigu ný íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í símum 896 1306 & 897 9390.

Til leigu góð 3ja herbergja íbúð við Laugarnesveg. 70 þús. á mán + hússjóður. Skilvísar greiðslur skilyrði, laus strax. Uppl. í s. 866 2820 & 478 1257.

2ja herb íbúð + stæði í bílgeymslu í Krummahólum. 70 þús. á mán. 2 mán. ffr. Tryggvi S. 893 9048.

4ra herb. íbúð í Unufelli 21, 3ju hæð. Laus 1. júlí. Ný uppgerð. S. 698 5563.

3ja herb. íbúð til leigu í 6 mánuði. Uppl. í s. 868 8746.

## Húsnæði óskast

Herbergi óskast í Vesturbæ eða miðbæ Reykjavíkur sem fyrst með aðgangi að wc, sturtu og eldhúsi, er reglusamur, reyklaus og skilvís. Uppl. í s. 482 2475 & 897 5697.

Bráðvantar húsnæði til leigu í skemmri eða lengri tíma þarf að geta verið með hund. Allir staðir í nágrenni Rvk koma til greina. Reyklaus, reglusemi og öruggum greiðslum heitið. Sími 840 2000, Ólafur.

Reglusamt og reyklaust par óskar eftir húsnæði á verðinu 40 til 50 þús., helst í 108 eða 105. Hilmar S. 821 9030.

30 ára einstaklingur óskar eftir herbergi er reyklaus og reglusamur. S. 865 7711.

24 ára stúlka með kisu óskar eftir húsnæði í miðbæ rvk sem fyrst og til langtíma. Er reyklaus, í fastri vinnu. S. 662 3202.

2 einstakl. óska eftir snyrtilegri 3ja-4ra herb. íbúð í 101-108 til leigu í lengri tíma. Skilvísum greiðslum og reglusemi heitið! Gunnar s. 864 0523, Finnur s. 861 1917.

## Fasteignir

Til sölu 2 fallegar ný standsettar íbúðir með nýjum innréttingum á besta stað á Akranesi. Einnig til sölu verslunarhúsnæði á besta stað. Gott verð ef samið er strax. Maggi s. 660 7750.

## Sumarbústaðir



Bjálkahús 23 og 37 m2 + 15m2 svefnloft. Ódýr, einföld og fljótleg í uppsetningu. Uppl. Altækni s/f 869-9007 Heimasíða www.bjalkahus.com

Húsafell. Sumarbúst. á besta stað í Húsafelli til leigu í sumar. Uppl. í s. 895 6156. Geymið auglýsinguna.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Atvinnuhúsnæði óskast. Upplýsingar staðsetningu, verð sendist á smaar@frettabladid.is merkt “87” fyrir 01/07/05.

## Gisting

Gisting við Legoland. Bryndís og Bjarni s. 0045 75885718 www.bbgisting.com

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



**Fjölskylduparadís**
Stór og góð aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi, húsbíla og hjólhýsi. Sundlaug, veiði, strandblak og fótbolti. Gisting og veitingar. FRÍTT í sund fyrir dvalargesti. Hótel Eldborg, Snæfellsnesi www.hoteleldborg.is & s. 435 6602.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is




Ein vinsælasta silungsflugan í dag. Nú hnýtt í keilutúpu sjá www.frances.is

Ódýrir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

Ódýrir laxamaðkar. Upplýsingar í síma 866 2702.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hrafnista Hafnarfirði**
Starfsfólk óskast í vaktavinnu í sumarafleysingar. Starfshlutfall samkomulag.
**Uppl. gefur Sigríður Sophusdóttir í síma 585 9529 eða sigridur@hrafnista.is sigridur@hrafnista.is**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Heildsala á svæði 210 óskar eftir duglegum lagermanni í fullt starf við pökkun, útkeyrslu, áfyllingar og önnur tilfallandi verkefni. Verður að geta hafið störf sem fyrst. Leitum að röskum og samviskusömum einstaklingi með bílpróf. Umsóknir sendist á Fréttablaðið merktar L-21012.

Störf við ræstingar Getum bætt við fólki í ýmis ræstingarverkefni á höfuðborgarsvæðinu bæði í föst störf og afleysingar. Uppl. í s. 581-4000 og á www.solarservice.org

**Starfsfólk óskast**
Óskum eftir að ráða starfskraft með grafík þekkingu í framleiðsludeild okkar. Starfið felst í því að hafa umsjón með forvinnslu fyrir myndsaum en einnig uppsetningu vegna nýrrar gerðar prentunar og að hluta framkvæmd hennar. Einnig óskum við eftir að ráða saumakonur með góða verkþekkingu.
**Upplýsingar í síma 562 6464 einnig á henson@henson.is Henson hf Brautarholti 24.**

**Select og Shell**
Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir ‘87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

**Fullt starf og hlutastarf**
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir ‘87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastar. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

**Bakstur.**
Bakarmeistarinn Suðurveri óskar eftir starsfmanni í verslun okkar. Starfssvið: umsjón með bakstri í verslun auk aðstoðar í sa. vinnutími frá 05-12 auk önnur hver helgi. Viðkomandi þarf að vera á bíl.
**Upplýsingar í síma 897 5470.**

**Aukavinna-uppgrip**
Okkur vantar duglegt símasölufólk á öllum aldri 2-3 kvöld í viku. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

**Verkamaður**
Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða verkamann í jarðvinnuframkvæmdir. S. 892 0989

**Nonnabiti**
Starfskraft vantar í fullt starf og hlutastarf, reyklaus. Uppl. í s. 551 2312 (milli 14-18, ekki svarað í hád.), 899 1670 & 898 5956.

Starfsmann vantar á sérhæfðan skyndibitastað í Reykjavík. Mjög góð laun í boði fyrir réttan starfskraft. Fullt starf og eða hlutastarf. Uppl. gefur Haraldur í s. 692 2220.

BP Hótelíbúðir Okkur vantar næturvörð ,þú ert snyrtilegur/snyrtileg stundvís,með góða þjónustulund,talar og skirfar ensku/norðurlandamá/Þýsku,og hefur einhverja tölvukunnáttu. 100% staða. Einnig vantar okkur strafskraft í herbergjaþrif 50% staða Umsóknir sendist á tölvupóst bphotel@bphotel.is

Starfskraftur óskast til starfa við símvörslu og létt skrifstofustörf. Æskilegur aldur 40-50 ára. Upplýsingar í síma 568 5000.

**Veitingahúsið Hornið**
Óska eftir að ráða hressa þjóna í hlutastörf. Uppl. gefur Tanja í s. 869 7568.

**Hrói Höttur**
Hringbraut. Óskar eftir starfsfólki á grill. Fólk eldri en 35 ára sérstaklega velkomið. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Upplýsingar á staðnum milli kl. 13-16 í dag eða í síma 849 4756.

**Prikið auglýsir.**
Óskum eftir kokkum í hlutastarf, vinsamlegast hafið samband í dag milli 14-17 í S 868-3587 Ragnar 698-8698 Simmi.

Óskum eftir starfsfólki í kvöld og helgarstörf, eingöngu fólk með bílpróf kemur til greina. Umsóknir eru á staðnum Rizzo Pizzeria Hraunbæ 121.

**Ræstingar**
Vantar fólk í 50-100% vinnu. Allar upplýsingar um störfin eru í s. 578 1450. Nostra ehf.

Saumakona óskast, þarf að geta unnið sjálfstætt. Þarf að vera vön. Uppl. í s. 867 3460.

Okkur vantar duglega þernu í júlí og ágúst. Upplýsingar á staðnum. Sunna, Þórsgata 26, Rvk. S. 511 5570.

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða menntaðan einstakling til að sinna viðgerðum á og utan verkstæðis og léttum afgreiðslustörfum. Skilyrði að hafa góða þekkingu á netkerfum og reynslu af tölvuviðgerðum. Umsóknir berist á bms@bms.is fyrir 12. febrúar.

Starfskraft vantar aðrahvora helgi í söluturn í Kópavogi. Ekki yngri en 18 ára. Því eldri því betra, reyklaus. Upplýsingar í síma 554 5350.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



**Heidi týnd**
Afican Gray páfagaukur tapaðist í Þingholtsstræti í gær(mánud). Hún er gæf. Finnandi vinsamlegast hringi í s. 868 5134, 861 7015, 565 1189.

**Breyttur opnunartími í afgreiðslu**

Mán.-mið. 8.00 - 18.00
Fim. og fös. 8.00 - 19.00
Lau. 9.00 - 17.00 og sun. 11.00 - 16

Smáauglýsingasíminn er 550 5000
og er opinn alla daga frá 8.00 - 22.00

## Leikskólinn Vinagerði

Vantar leikskólakennara, starfsmann með sambærilega menntun, eða sem hefur áhuga á að vinna með börnum.
Um 100% stöðu er að ræða og þarf umsækjandi að geta byrjað 8. ágúst n.k.

Upplýsingar gefur Díana Sigurðardóttir leikskólastjóri í síma **553-8085** fyrir 1. júlí

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



HÚSIÐ FASTEIGNASALA
533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA
564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

Opið hús Þriðjudaginn 28 júní milli 17:30 og 18:30



Góð 5 herbergja 131,3 fm íbúð með mikla möguleika ásamt 24,1fm stæði í lokaðri bílageymslu samtals 155,4 fm. Stutt í alla þjónustu og skóla. Barnvænt umhverfi. Eign sem er vel þess virði að skoða.
**Verð 20,5.milj**

Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Haukur Haraldsson í síma 693-4868 Verið velkominn

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA
564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

Opið hús: Sölusýning í dag, þriðjudag. kl:17:30 til 19:00. Fellahvarf 3, Kópavogi.





Nýleg og glæsileg 4-5 herbergja, 130 fm eign á þessum eftirsóknanverða stað í littlu fjölbýli. Engu er til sparað í innréttingum og gólfefnum. Rafmagnsknúin sólgluggatjöld, mikið skápapláss og 20 fm svalir sem snúa út að Elliðavatni. Eign sem vert er að skoða.
**Verð 32,2 millj.**
Hilmar Þór Hafsteinsson tekur á móti ykkur s.662-6648

# EIGNALISTINN

fasteignasala

Félag Fasteignasala

www.eigna.is

**Kringlunni 4 - 6 Norðurturni, 10. hæð • 103 Reykjavík • Sími 530 4600 • Fax 530 4609 • eigna@eigna.is**

**Sigurður Örn Sigurðarson**, Viðskiptafræðingur og lögg. fasteignasli

### 101 REYKJAVÍK



2ja herb. 56,9 fm miðhæð. Töluvert endurnýjað í íbúðinni. Lítið en snytilegt eldhús, baðherbergi með sturtu, ágætlega rúmgott svefniherbergi með fataskápum, forstofa með fatahengi.
Parket á gólfum, góð geymsla, sameiginlegt þvottarými á jarðhæð.
**V: 13,3 millj.**



**Ólafur Þór Gíslason**
Sölustjóri



**Sigurður Örn Sigurðarsson**
Löggiltur Fasteignasali



**Ómar Berndtsen**
Sölufulltrúi



**Guðfinna Sverrisdóttir**
Ritari



**Ágústína Pálmarsdóttir**
Ritari - skjalavinnsla

### 3ja HERBERGJA



**ÁLFTAMÝRI** Góð 3ja herb. íbúð á 4.hæð í vel viðhöldnu húsi á þessum eftirsóknarverða stað. Svefniherbergi með fataskápum. Suður- svalir, þvottahús og geymsla í sameign. **V: 15,5 millj.**

### GRAFARVOGUR 4herb



**GRAFARVOGUR - VEGHÚS**
Góð 4ra herb. 112,8 fm íbúð á 2. hæð í vel viðhöldnu fjölbýli. Þvottahús innan íbúðar, baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, baðkar og sturta. Mjög gott skáparými í herbergjum, eldhús með góðri spautulakkaðri innréttingu. Sameignin er mjög góð
**V: 20,1 millj.**

### FYRIRTÆKI



SÖLUTURN / ÍSBÚÐ / GRILL
**SKARI / NESTURNINN** við sundlaug Seltjarnarness. . UM ER AÐ RÆÐA BÆÐI HÚSNÆÐI OG REKSTUR
**Til greina kemur að leigja út reksturinn TILBOÐ ÓSKAST**
Uppl. á skrifstofu Eignalistans

### BREIÐHOLT LAUS VIÐ KAUPSAMNING



4ra herb. með aukaherbergi í kjallara, þvottahús innan íbúðar. Rúmgóð stofa með útgengi út á rúmgóðar suðursvalir. Rúmgott baðherbergi, hjónaherbergi með góðu skápaplássi. Útbúið hefur verið herbergi úr hluta af geymslu í kjallara( aðgangur að salerni) **V: 19,5 millj.**
**Laus við kaupsamning**
Lyklar á skrifsofu.

### VESTURBÆR



**HRINGBRAUT**
3ja Herbergja 82,1 fm íbúð. Eldhús með nýum tækjum, rúmgóð stofa, hjónaherbergi með góðu skápaplássi og útgengi á suðvestursvalir, barnaherbergi með fatskáp, baðherbergi með baðkari flísalagt í hólf og gólf, geymsla á hjarðhæð.**V 15,3 millj.**
**Lyklar á skrifstofu.**

### SUMARHÚS



**SUMARHÚS -KIRKJUBÆJARKLAUSTUR.**
Skemmtilega hannaður 60,8 fm sumarbústaður í landi Efri Víkur við Klaustur.Byggður 2004
**FULLINNRÉTTAÐUR MEÐ ÖLLUM HÚSGÖGNUM**
Stutt í veiði, einstakt útivistarsvæði.
**Verð 8,4 millj.**

### EIGNASKIPTI

**HÖFUM VERIÐ BEÐIN UM AÐ FINNA FYRIR VIÐSKIPTAVIN GOTT RAÐHÚS EÐA HÆÐ MEÐ SÉRINNAGANGI AÐ VERÐ ALLT AÐ 40 MILLJ, Á REYKJAVÍKURSVÆÐINU. Í SKIPTUM FYRIR EINBÝLISHÚS MEÐ AUKAÍBÚÐ**
**VERÐ 65 MILLJ.**

### BRÁVALLAGATA



Góð 3ja herbergja, 84 fm miðhæð í velviðhöldnu húsi. Mikið endurnýað í íbúðinni t.d rafmagn, eldhús ofl. Góð herbergi, rúmgóð geymsla í kjallara. Góðar suð-vestur svalir. Laus 1. sept.05 **V: 18,9 millj. - TILBOÐ : 18,3 MILLJ.**

### 101 SKUGGAHVERFI



**157,5 fm GLÆSI ÍBÚÐ Í HJARTA REYKJAVÍKUR**" Meiri lofthæð en almennt gerist, eða um 2,7 m. Góð hljóðeinangrun milli íbúða og hæða. Fullkomið fjarskiptakerfi. Sérstök gestsnyrting. Þvotaherbergi innan íbúðar. Sameiginleg þjónusta, þrif á sameign umhirða á lóð og almennt viðhald. Háhraðatenging fyrir samskiptatæki. Lyfta. Rúmgott stæði í bílageymslu. 12,8 fm geymsla
**TILBÚIN TIL INNRÉTTINGA.**
**V:35 MILLJ.**

**SKOÐUN EIGNAR ER EKKI SKULDBINDING TIL SÖLU.**

**Ö R U G G M I Ð L U N F A S T E I G N A**

Utan opnunartíma Eignalistans er sími sölumanna: 822-4610

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.126 **+0,30%**

**Fjöldi viðskipta:** 196
**Velta:** 2.177 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Burðarás** | 1,32% | **Flaga** | -2,26% |
| **Actavis** | 1,24% | **Atlantic Petroleum** | -1,64% |
| **Mosaic** | 1,04% | **Atorka** | -0,85% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,90 +1,24% ... Atorka 5,85 -0,85% ... Bakkavör 38,90 +0,26% ... Burðarás 15,30 +1,32% ... FL Group 15,50 +0,65% ... Flaga 3,90 -2,26% ... Íslandsbanki 13,35 – ... KB banki 532,00 +0,19% ... Kögun 59,60 – ... Landsbankinn 17,20 +0,58% ... Marel 58,00 -0,85% ... Og fjarskipti 4,05 – ... Samherji 12,10 – ... Straumur 12,30 – ... Össur 79,50 -

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Dýr mistök

Það er kunnara en frá þurfi að segja að einföld fljótfærnismistök eru misafdrifarík. Þau voru nokkuð afdrifarík mistökin sem taivanskur verðbréfamiðlari gerði og hálffimmfréttir KB banka greindu frá. Hann settir inn fyrir slysni kauppöntun upp á fimmtán milljarða króna. Félagið sem hann starfar hjá, Fubon Securities, sendi frá sér tilkynningu þar sem kom fram að verðbréfamiðlarinn hefði verið nýr og ekki þekkt kerfin sem félagið notar. Hann hafi ætlað að setja inn öllu hóflegri pöntun, en ruglast á reitum í stressi með þessum afleiðingum. Kauptilboðið hleypti talsverðu lífi í hlutabréfamarkaðinn í Taívan og hækkaði vísitalan um eitt prósent vegna þessa. Upphæðin hefði sennilega hleypt enn meira lífi í markaðinn hér, því eins og KB banki greinir frá hefði upphæðin dugað til að kaupa Marel eins og það leggur sig. Fram kom í tilkynningu að verðbréfamiðlarinn væri ekki lengur við störf hjá verðbréfafyrirtækinu.

### Tískubanki Mosaic

Mistök urðu einnig í tilkynningakerfi Kauphallar Íslands í gær. Þau voru reyndar smávægileg og afleiðingarnar engar. Mosaic Fashions lét vita af kynningarfundi þar sem uppgjör fyrsta ársfjórðungs verður kynnt. „Stewart Binnie stjórnarformaður og Richard Glanville fjármálastjóri Mosaic Fashions hf. munu kynna afkomu bankans og svara spurningum," sagði í tilkynningunni, en Mosaic er náttúrlega ekki banki heldur tískukeðja. Önnur tilkynning birtist skömmu síðar þar sem þessari missögn hafði verið kippt í liðinn.



## MARKAÐSFRÉTTIR...

Kynningarfundur á vegum **Mosaic Fashions** verður haldinn á **Grand Hótel** í dag þar sem afkoman á fyrsta ársfjórðungi verður kynnt.

Greiningardeild **Landsbankans** hefur gefið út nýtt verðmat á hlutabréfum í **Actavis**. Samkvæmt matinu ættu bréfin að kosta á bilinu 36,2 til 41 krónu.

Væntingavísitala atvinnulífsins í Þýskalandi hækkaði í júní eftir að hafa lækkað fimm mánuði þar á undan. Frá þessu sagði í **Hálf fimm fréttum KB banka**.

Hlutabréf í Lundúnum lækkuðu í gær. **FTSE** vísitalan stendur í 5.044 stigum og lækkaði um 0,70 prósent í gær. Í Þýskalandi lækkaði **Dax** um 0,93 prósent og í Japan lækkaði **Nikkei** vísitalan um 1,06 prósent.

# Hæsta verð olíu

**Hlutabréf lækka í verði í kjölfarið.**

Olíuverð hefur náð nýjum hæðum og náði verðið hátt í 61 Bandaríkjadal á tunnu í gær. Hækkanirnir koma í kjölfar meiri óróleika við Persaflóa og væntinga um minna framboð á olíu. Forseti Írans hefur sagt að hann hyggist halda á lofti kjarnorkuáætlun landsins.

Hækkandi olíuverð hægir á hagvexti og hlutabréfaverð í heiminum lækkar. Hlutabréf lækka í verði vegna þess að væntingar um afkomu fyrirtækja versna. Hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum hafa lækkað tvo daga í röð og er það helst rakið til óvissu um vaxtabreytingar og hækkana á olíuverði.

Olíuverð hefur hækkað um 12 prósent á síðustu tveimur vikum og um 40 prósent frá því janúar. **-dh**



**OLÍUVERÐ Í NÝJUM HÆÐUM** Óróleiki við Persaflóa í kjölfar kjörs nýs forseta í Íran.

# Út fyrir sitt hlutverk

**Stjórn SPH telur að FME gangi of langt með dreifibréfi til stofnfjáreigenda. Þar er óskað eftir svörum um hvort stofnfjáreigendur hafi átt viðskipti með stofnfé. Stjórnin vill ræða beint við FME.**

Stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar ætlar að senda Fjármálaeftirlitinu (FME) svör vegna bréfs sem það sendi öllum stofnfjáreigendum á föstudaginn þar sem meðal annars er óskað eftir svörum frá stofnfjáreigendum um hvort þeir hafi átt viðskipti með stofnfé. Þetta kemur fram í bréfi sem stjórnin sendi öllum stofnfjáreigendum á sunnudaginn. Lögmaður stjórnarinnar gekk á fund FME í gærmorgun.

Stjórnin telur að FME hefði átt að ræða beint við hana í stað þess að senda bréf til allra stofnfjáreigenda. Hún bendir á að framsal með stofnfjárbréf í SPH verði að fara í gegnum stjórnina og hyggist aðili eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skuli leita eftir samþykki FME fyrir fram. Jafnframt segir í bréfinu að stjórnin skuli vísa öllum málum til FME þegar einhver óskar eftir því að eignast virkan eignarhlut í sparisjóði.

Stjórn SPH telur að FME sé komið út fyrir þær valdheimildir sem stofnunin hafi lögum samkvæmt, sem opinber eftirlitsaðili, þar sem hún hafi aðeins heimildir gagnvart fjármálafyrirtækjum en ekki einstaklingum.

Páll Pálsson, stjórnarformaður SPH, finnst þessi vinnubrögð FME mjög sérstök og telur að stofnunin fari langt út fyrir valdsvið sitt með bréfinu. Stjórn SPH er sá aðili sem FME á að ræða við, enda kosinn af meirihluta stjórnfjáreigenda og fer með umboð þeirra.

**- eþa**



**PÁLL PÁLSSON, STJÓRNARFORMAÐUR SPH** Telur að FME gangi allt of langt með dreifibréfi sínu til stofnfjáreigenda. Eftirlitið ætti að ræða beint við stjórnina sem hefur umboð frá eigendunum.







**Queensland 6 manna**
*Fjölskyldu- braggatjald sem opnast á tvo vegu.*
*Stórt fortjald með dúk (2 m lofthæð).*
**Sumartilboð 34.990 kr.**
*Verð áður 39.990 kr.*

Sumar



**Valencia Plus 5 manna**
*Fjölskyldu- kúlutjald með stóru og rúmgóðu fortjaldi (1,9 m lofthæð).*
**Sumartilboð 19.990 kr.**
*Verð áður 24.990 kr.*

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

# Störfum fjölgar um tvö þúsund

**Vöxtur tekur við af örlitlum samdrætti.**

Tvö þúsund ný störf hafa orðið til á síðustu 12 mánuðum að því er kemur fram í Morgunkornum Íslandsbanka. 158 þúsund manns voru starfandi í lok ársins 2004 í stað 156 þúsund árið áður. Árin 2003 og 2002 dróst fjöldi vinnandi fólks saman og hefur því kröftugur vöxtur tekið við af örlitlum samdrætti. Í Morgunkornum Íslandsbanka segir að til grundvallar liggi kröftugur hagvöxtur sem þrátt fyrir mikinn framleiðnivöxt olli því að fjöldi starfandi fólks var um tvö þúsundum meiri í fyrra en árið þar á undan.

-dh



**VINNANDI MENN** Kröftugur vöxtur tekur við af örlitlum samdrætti.

# Viðskipti Serafin Shipping skoðuð

**Fjármálaeftirlitið skoðar hvort farið hafi verið að settum reglum.**

Fjármálaeftirlitið er með til skoðunar, eftir ábendingu frá Kauphöll Íslands, aðkomu Serafin Shipping að sameiningu Sjóvíkur og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Icelandic Group. Serafin eignaðist yfir sex prósent hlut í sameinuðu félagi í skiptum fyrir hlut sinn í Sjóvík. Þrátt fyrir að rjúfa fimm prósent eignarmúrinn gáfu forsvarsmenn Serafin Kauphöllinni ekki lögbundnar upplýsingar. Í staðinn var hlutnum skipt strax á milli tveggja félaga, Fordace Limited og Deeks Associates.

Serafin varð við sameininguna sjötti stærsti hluthafinn í Icelandic Group. Hluthafar í Icelandic Group og aðrir fjárfestar hafa engar upplýsingar fengið um hver eigandi félagsins var. Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti varðar það sektum að brjóta gegn ákvæðum laga um flöggunarskyldu, sem myndast þegar aðili eignast meira en fimm prósent í fyrirtæki í Kauphöllinni.

– bg



**HLUTHAFAR Á FUNDI ICELANDIC GROUP** Hluthafar hafa ekki hugmynd um hver varð sjötti stærsti hluthafinn í félaginu þeirra.





Verktakar Klöpp ehf.

Erum með allt til jarðvinnu, 2 – 16 tonna jarðvinnuvélar, Trailer og Flatvagn. og einnig kjarnabora allt að 250mm,
S: 431-2529 gsm: 894-0053 fax: 431-3529
E-mail: juliuso@simnet.is

HIGH PEAK



**Vigo Plus 6 manna**
Fjölskyldu- kúlutjald með þremur svefntjöldum.
Stórt fortjald með dúk milli svefntjaldanna (1,9 m lofthæð).
Sumartilboð 29.990 kr.
Verð áður 34.990 kr.



**Malta Plus 5 manna**
Fjölskyldu- kúlutjald.
Stórt fortjald með dúk (1,9 m lofthæð).
Sumartilboð 24.990 kr.
Verð áður 29.990 kr.

tilboð á tjöldum



**Como 4 manna**
Fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum.
Fortjald á milli svefntjaldanna (1,9 m lofthæð).
Sumartilboð 14.990 kr.
Verð áður 19.990 kr.



**Cleveland 5 manna**
Fjölskyldu- kúlutjald. Flott fortjald með tveimur gluggum (2 m lofthæð).
Sumartilboð 11.990 kr.
Verð áður 19.990 kr.

ÚTILÍF



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Rakel Sæmundsdóttir**

Hárgreiðslumeistari,
Stangarholti 28, Reykjavík,

lést á heimili sínu að morgni 24. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Óskar Hallgrímsson,**
**Jóhann Gunnar Óskarsson** **Sigríður Ásmundsdóttir**
**Kristín Ósk Óskarsdóttir** **Sævar Fr. Sveinsson**
**Óskar Sveinsson** **Rakel Sveinsdóttir**
**systkini, ömmu- og langömmubörn**



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma*

**Bergþóra G. Jónsdóttir**

Hjálmholti 9, Reykjavík,

lést á Landspítala Fossvogi laugardaginn 25. júní.
Útförin verður auglýst síðar.

**Hrafnkell Björnsson** **Dagbjört Aðalsteinsdóttir**
**Aðalsteinn Hrafnkelsson** **Kristín María Guðjónsdóttir**
**Björn Hrafnkelsson**
**Viðar Hrafnkelsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Konráð Gíslason,**

frá Frostastöðum, Furulundi 4, Varmahlíð, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 24. júní síðastliðinn.

**Helga Bjarnadóttir,**
**börn, tengdabörn og afabörn.**



†

*Elsku pabbi okkar, tengdafaðir og yndislegur afi,*

**Víkingur Þór Björnsson**

fyrrverandi eldvarnareftirlitsmaður,
Munkaþverárstræti 2, Akureyri,

sem lést á heimili sínu, þriðjudaginn 21. júní síðastliðinn verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju, miðvikudaginn 29. júní kl. 13.30. Þeir sem vildu minnast hans bendum við með þakklæti á Heimahlynningu á Akureyri.

**Kristján Þór Víkingsson** **Guðrún Óðinsdóttir**
**Björn Víkingsson** **Þórunn Árnadóttir**
**Guðrún Björg Víkingsdóttir** **Pálmi Þór Stefánsson**
**Þóra Víkingsdóttir** **Snorri Snorrason**
**Finnur Víkingsson** **Steinunn Ragnarsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jórunn Axelsdóttir**

Tunguseli 1, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Seljakirkju þann 29. júní kl. 15.00.

**Jóhanna Gréta Guðmundsdóttir** **Atli Sverrisson**
**Karen Guðmundsdóttir** **Auðunn Örn Jónsson**
**Hafdís Guðmundsdóttir** **Þorsteinn Kjartansson**
**Bryndís Halla Guðmundsdóttir** **Óðinn Guðbrandsson**
**Guðlaugur Guðmundsson**
**Anna Þórdís Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

**MORTIMER ADLER**
(1902-2001) lést þennan dag.



*„Tilgangur náms er vöxtur og hugur okkar, ólíkt líkömum okkar, getur vaxið eins lengi og við lifum.“*

***Mortimer Adler var bandarískur heimspekingur og rithöfundur. Hann reyndi að miðla heimspeki til fjöldans.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## MERKISATBURÐIR

1541 Siðaskiptin hefjast formlega hérlendis þegar klerkar Skálholtsbiskupsdæmis samþykkja nýja kirkjuskipun.

1940 Bretar viðurkenna Charles de Gaulle hershöfðingja sem leiðtoga frjáls Frakklands.

1947 Landbúnaðarsýning er opnuð í Reykjavík. Hún stendur í tvær vikur og tæplega helmingur þjóðarinnar kemur að sjá hana.

1948 Sovétríkin reka Júgóslavíu úr COMINFORM sem stofnuð var árið áður til að samræma kommúnistahreyfingar í ýmsum löndum.

1959 Hundrað ára kona neytir kosningaréttar í Alþingiskosningum og kemur gangandi á kjörstað.

2001 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er formlega opnaður.

**EGGERT SKÚLASON** HJÓLAR HRINGINN FYRIR HJARTAHEILL:

# Eiður Smári hljóp til baka

„Ég er eins og hundur af sundi dreginn,“ sagði Eggert Skúlason þegar hann kom í Hveragerði í gær eftir að hafa hjólað yfir Hellisheiði með Bjarna Ármannssyni forstjóra Íslandsbanka. Bjarni tók við af Eiði Smára Guðjohnsen við Litlu Kaffistofuna en sá fór af stað með Eggerti í gærmorgun þegar hann lagði af stað í fimmtán daga hjólaferð sína um landið til styrktar Hjartaheillum.

„Eiður Smári var svo sprækur að hann skokkaði aftur í bæinn,“ segir Eggert hlæjandi og finnst ferðin ganga æðislega þrátt fyrir rigninguna.

Við Litlu Kaffistofuna var lítil athöfn þar sem Bjarni afhenti Hjartaheill fimm hundruð þúsund krónur auk þess sem hann afhenti tólf ára dreng, Birki Árnasyni, treyju Eiðs Smára sem bankinn keypti á uppboði fyrr í vetur.

Birkir fæddist með hjartagalla og er mikill aðdáandi Eiðs Smára. „Fyrst sá hann Eið Smára og varð uppnuminn, síðan gaf Eiður sig á tal við hann og rétti honum treyjuna,“ greinir Eggert frá og segir að æðislegt hafi verið að fylgjast með drengnum. „Það ljómaði þarna lítið fallegt barnsandlit löngu eftir að við fórum,“ segir Eggert en ekkert nema eldgos eða fárviðri geta komið í veg fyrir för hans að eigin sögn.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**FAÐMAR HETJUNA** Birkir Árnason, sem fékk gefins treyju Eiðs Smára, faðmar hetjuna sína í kveðju- og þakkarskyni.

Ástæðan fyrir ferð Eggerts nú er að hann fékk sjálfur hjartaáfall fyrir fjórum árum og er starfandi varaformaður samtakanna. Þá segir hann að það þýði ekkert nú á dögum að hringja í fyrirtæki og biðja um styrki, það verði að gera eitthvað sem standi út úr.

„Svo er ég bara ekki nógu vel gefinn,“ segir Eggert hlæjandi en hefur þó mjög gaman að þessu öllu saman og leikur við hvern sinn fingur. ■



**ÓÞREYTTUR** Hjólatúrinn upp að Litlu Kaffistofu var hressandi og ákvað Eiður Smári að afþakka far í bæinn og skokkaði leiðina á tveimur jafnfljótum.



**HJÓLAKEMPUR** Eiður Smári, verndari Hjartaheilla, hjólaði með Eggerti Skúlasyni fyrsta spölinn.



**RÆÐA MÁLIN** Eggert Skúlason og Bjarni Ármannsson styrktu sig með bananabita áður en þeir lögðu yfir Hellisheiði.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ólína Jörundsdóttir**

Eikjuvogi 17, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 20. júní verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju í dag, þriðjudaginn 28. júní kl. 15.

**Svavar Kristjónsson**
**Guðný Svavarsdóttir** **Sveinn Óttar Gunnarsson**
**Jörundur Svavarsson** **Sif Matthíasdóttir**
**Erla Kristín Svavarsdóttir** **Smári Ragnarsson**
**Lilja Steinunn Svavarsdóttir** **Bjarni Jónsson**
**Auður Ólína Svavarsdóttir**
**og barnabörn.**

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## ÞETTA GERÐIST

# Ferdinand skotinn til bana



28. JÚNÍ 1914

Þennan dag árið 1914 var Ferdinand erkihertogi og erfingi að tveggja ríkja sambandinu Austurríki-Ungverjaland skotinn til bana í Sarajevo í Bosníu. Þessi atburður er af mörgum talinn kveikjan að fyrri heimsstyrjöldinni.

Erkihertoginn og eiginkona hans Sofie voru á ferð um Sarajevo til þess að skoða heri frænda Ferdinands, keisarans Franz Josef. Hjónin voru á ferð í opnum bíl þegar serbneskur þjóðernissinni varpaði sprengju að honum. Ferdinand náði að kasta sprengjunni á götuna en þó nokkrir urðu sárir af. Síðar sama dag voru erkihertoginn og kona hans aftur á ferð um götur Sarajevo þegar bílstjórinn tók ranga beygju. Þegar bíllinn hægði ferðina til þess að breyta um stefnu skaut annar serbneskur þjóðernissinni, Gavrilo Princip, að bílnum með þeim afleiðingum að bæði Ferdinand og Sofie létu lífið.

Austurríki-Ungverjaland sakaði serbnesk yfirvöld um ódæðið. 28. júlí, með stuðningi Þjóðverja, lýsti Austurríki-Ungverjaland yfir stríði á hendur Serbum. Innan nokkurra vikna höfðu Rússland, Belgía, Frakkland, Bretland og Serbía risið upp gegn Austurríki-Ungverjalandi og Þýskalandi og fyrri heimsstyrjöldin hófst.

## ANDLÁT

**Halldór Sturla Friðriksson** stórkaupmaður, Haðalandi 20, lést á heimili sínu föstudaginn 24. júní.

**Nanna Unnur Bjarnadóttir** fyrrum húsfreyja Brekku í Lóni, andaðist á hjúkrunarheimilinu Höfn föstudaginn 24. júní.

**Alda Jóhanna Stangeland** lést á heimili sínu að morgni 25. júní.

## AFMÆLI

Ragnhildur Stefánsdóttir myndlistakona er 47 ára.



Vanda Sigurgeirsdóttir fyrrverandi knattspyrnuþjálfari er fertug.

Rósa Erlingsdóttir jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands er 35 ára.

## JARÐARFARIR

13.00 **Guðmundur Ottesen Gunnarsson**, Skólabraut 5, Seltjarnarnesi, verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju.

13.00 **Páll Marel Jónsson**, Lækjarsmára 4, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju.

15.00 **Ólína Jörundsdóttir**, Eikjuvogi 17, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

15.00 **Guðrún Ingibjörg Jónsdóttir** frá Ytri-Veðrará verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

15.00 **Pála Elínborg Michelsen** verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



1712 **Jean Jaques Rousseau**

1847 Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld



1902 **John Dillinger** bankaræningi



1926 **Mel Brooks** leikari

1948 Kathy Bates leikkona












## Heyrst hefur ...

... að það muni taka Bjarka Gunnlaugsson allt að þrjár vikur að jafna sig af meiðslunum sem hann hlaut í fyrri hálfleiknum gegn Val í gær, en Bjarki er tognaður aftan í læri. Bjarki hafði verið vítamínsprautan á bak við bætta spilamennsku KR á síðustu vikum en með brotthvarfi hans er spurning hvort KR-liðið fellur í sama horf og fyrr í sumar.

# sport

sport@frettabladid.is

**DALVÍKINGURINN HEIÐAR HELGUSON:** GENGINN TIL LIÐS VIÐ ÚRVALSDEILDARLIÐ FULHAM

# *Ætla að standa mig í úrvalsdeildinni*



„Mér líst mjög vel á að fara aftur í úrvalsdeildina. Fulham er gott félag sem hefur metnað til þess að vera ofarlega í deildinni. Ég ætla að sýna og sanna að ég get staðið mig í úrvalsdeildinni,“ sagði Heiðar Helguson, sem er einn af þremur íslenskum leikmönnum í ensku úrvalsdeilinni, en fyrir eru Eiður Smári Guðjohnsen hjá Chelsea og Hermann Hreiðarsson hjá Charlton.

Heiðar lék með liði Watford í rúm fimm ár, en hann gekk til liðs við félagið frá Lilleström í Noregi fyrir eina og hálfa milljón punda. Heiðar var í miklum metum hjá stuðningsmönnum Watford, en miklar umræður fara þar fram um hversu frábærlega Heiðar reyndist félaginu á ferli sínum hjá því. „Tíminn hjá Watford var virkilega ánægjulegur. Ég kom til þeirra eftir að hafa spilað í Noregi, og hoppaði beint inn í leik á heimavelli á móti Liverpool og náði að skora.“

Heiðar átti gott tímabil á síðustu leiktíð þó félaginu hafi ekki gengið nægilega vel í deildinni. Hann náði að skora tuttugu mörk í deildinni og var án efa besti leikmaður liðsins.

Heiðar telur að hann geti bætt sig með því að leika í ensku úrvalsdeildinni. „Ég get bætt mig sem knattspyrnumaður og er viss um að gera það hjá Fulham, ef ég verð að spila þar í byrjunarliði eins og ég ætla mér að gera. Það verður gaman að glíma við alla þá frábæru varnarmenn sem eru í úrvalsdeildinni.“

Fulham þurfti að greiða rúmlega eina milljón punda fyrir Heiðar, en nokkur úrvalsdeildarfélög föluðust eftir að fá hann til sín. „Ray Lewington, sem var þjálfari hjá Watford, er kominn til starfa hjá Fulham og það var óneitanlega kostur að vera með mann þar sem maður þekkir af góðu einu.“

### > Við fordæmum ...

... hvernig Tryggvi Bjarnason, varnarmaður KR-inga, hagaði sér í leiknum gegn Val í gær. Hefðu einföldustu knattspyrnureglur verið hafðar til hliðsjónar hefði Tryggvi átt að fá beint rautt spjald í tvígang í fyrri hálfleik fyrir gróf brót sem eiga aldrei að sjást á fótboltavellinum. Tryggvi átti fyllilega skilið að fá rautt spjald í leiknum í gær.



### > Við vorkennum ...

.... Bjarka Gunnlaugssyni, sem var ekki búinn að vera heill heilsu nema í rúmar þrjár vikur er hann meiddist aftur í leiknum gegn Val í gær. Sorglegri meiðslasaga en sú sem Bjarki hefur átt í er vandfundin og það er fyrir löngu orðið ljóst að það á hreinlega ekki af honum að ganga.



LANDSBANKADEILDIN

# KR-ingar voru kjöldregnir

**Öflugt og skemmtilegt lið Vals vann stórsigur á lélegu KR-liði í gær, 3-0. Valur var betri allan leikinn og hefði getað sigrað stærra.**

**Valur 3-0 KR**

Valsvöllur, áhorf: 950 — Ólafur Ragnarsson (x)

*1–0 Guðmundur Benediktsson (2.)*
*2–0 Matthías Guðmundsson (20.)*
*3–0 Matthías Guðmundsson (52.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–6 (4–2) |
| Varin skot | Kjartan 2 – Kristján 1 |
| Horn | 1–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 19–14 |
| Rangstöður | 6–3 |

**FÓTBOLTI** Það var aðeins eitt lið á vellinum í fyrri hálfleik – Valur. Heimamenn mættu miklum mun grimmari til leiks og höfðu greinilega lært sína lexíu í síðasta stórleik gegn FH. Þeir sóttu af miklum mætti frá byrjun og Guðmundur Benediktsson skoraði eftir rúma mínútu. Baldur Aðalsteinsson sprengdi upp vörn KR-inga og það hjálpaði lítið að enginn skyldi sjá sér fært að dekka Guðmund í teignum sem skoraði auðveldlega.

Valsmenn höfðu alltaf frumkvæðið, voru grimmari í alla bolta, létu boltann ganga vel á milli sín á meðan varnar- og sóknarleikur KR var hvorki fugl né fiskur. Matthías Guðmundsson kom Val í 2-0 eftir að vörn KR hafði hrunið eins og spilaborg eins og oft í hálfleiknum.

Vesturbæingar pirruðust við mótlætið og byrjuðu að brjóta illa af sér og það var hneyksli að Tryggva Bjarnasyni skyldi ekki vera vikið af velli þegar hann traðkaði á Matthíasi um miðjan hálfleikinn. Bjarnólfur var líka á gráu svæði þegar hann kastaði Stefáni Helga frá sér skömmu áður.

Valur hefur verið kaflaskipt lið í sumar og því kom það nokkuð á óvart er það pressaði KR í upphafi síðari hálfleiks. Leiknum lauk síðan formlega á 52. mínútu þegar Matthías skoraði þriðja mark Vals eftir eðalsendingu Guðmundar. Eftir það dó leikurinn. KR gafst upp og Valur hafði það huggulegt en einu færin sem sáust voru þeirra og mátti KR þakka fyrir að tapa ekki stærra.

Valur sýndi mikinn karakter í þessum leik eftir tvö töp í röð. Þeir voru þéttir út um allan völl, grimmir og höfðu alllan tímann meiri trú á sigri en KR. Guðmundur sýndi snilldartilþrif, Matthías kláraði færin og Baldur gladdi augað er hann lék sér að hinum unga Gunnar Kristjánssyni.

Um lið KR í þessum leik er eitt orð – sorglegt. Varnarleikur liðsins var hreinasta hörmung og ekki var sóknarleikurinn skárri en KR skapaði ekki eitt færi allan leikinn og er eflaust ansi langt síðan það gerðist. Það er eitthvað mikið að hjá Vesturbæjarrisanum og þeir verða að taka sig verulega saman í andlitinu ef þeir vilja fá eitthvað út úr sumrinu.

„Við vorum miklu sterkari allan leikinn og áttum ekki í neinum vandræðum með KR í dag,“ sagði Valsarinn Guðmundur Benediktsson sem fór oft illa með sína gömlu félaga en honum fannst lítið mál að spila gegn sínum gömlu félögum.

Magnús Gylfason, þjálfari KR, var brúnaþungur í leikslok. „Valsmenn voru miklu betri í dag en við vorum greinilega ekki tilbúnir í verkefnið. Þetta var að mínu mati fyrsti leikurinn í sumar þar sem við vorum miklu verri aðilinn. Þess vegna endar þetta svona illa.“

henry@frettabladid.is



**BJARNÓLFUR TÆPUR** Leikur Vals og KR í gær var á köflum hreinlega grófur.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

| VALUR 4–4–2 | | KR 4–2–3–1 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan | 7 | Kristján | 5 |
| Steinþór | 7 | Jökull | 5 |
| Atli Sveinn | 7 | Gunnar E. | 3 |
| Grétar | 7 | Tryggvi | 3 |
| Bjarni | 7 | Gunnar K. | 3 |
| (81. Kristinn | –) | Bjarnólfur | 4 |
| Baldur | 8 | Sigurvin | 6 |
| (72. Sigurður | –) | Grétar | 4 |
| Sigurbjörn | 7 | Bjarki | 5 |
| Stefán Helgi | 7 | (37. Gestur | 3) |
| Sigþór | 5 | Garðar | 4 |
| ***Guðmundur** | **8** | (75. Bjarni Þ. | –) |
| (75. Garðar | –) | Rógvi | 4 |
| Matthías | 8 | | |

*MAÐUR LEIKSINS

Forráðamenn Lyon senda skýr skilaboð til forráðamanna Chelsea:

# Þið munið ekki fá Essien í sumar

**FÓTBOLTI** Jean-Michel Aulas, forseti franska stórveldisins Lyon, segir að helsta stjarna liðsins, miðjumaðurinn Michael Essien, verði ekki seldur til Chelsea þrátt fyrir að Roman Abramovich sé reiðubúinn að greiða fúlgur fjár fyrir landsliðsmanninn frá Ghana. Lyon hafnaði nýlega tilboði Chelsea upp á 16,75 milljónir punda og segir Aulas að því hefði einnig verið hafnað þótt fjárhæðin hefði farið yfir 20 milljónir punda.

„Essien og einnig Mahamadou Diarra og Juninho verða áfram með Lyon á næsta ári. Ég hef alltaf sagt það og það mun ekki breytast. Það hefur heyrst margs konar óþægilegur orðrómur fyrir mig að undanförnu og nú vill ég binda endi á hann,“ sagði fokvondur Aulas við franska fjölmiðla í gær.

Aulas segir að hann og Gerard Houllier, nýráðinn knattspyrnustjóri félagsins, séu sammála um að byggja eigi liðið í kringum Essien. „Ég staðfesti það hér með að okkar bestu leikmenn eru ekki á förum. Að halda þeim öllum gerir lið okkar sterkara en það var í fyrra og það er ætlun okkar,“ sagði Aulas en hann og Houllier gengu frá kaupum á norska landsliðsmanninum John Carew í gær fyrir fimm milljónir punda.



**HOULLIER OG AULAS** Ætla sér stóra hluti með Lyon á næstu leiktíð.

## ÚR SPORTINU

Lið Fylkis í Landsbankadeild karla varð fyrir áfalli í gær þegar í ljós kom að **Finnur Kolbeinsson** verður frá keppni næstu 4-5 vikurnar vegna meiðsla í liðþófa. Þá á **Hrafnkell Helgason** við smávægileg meiðsli að stríða í nára og mun verða frá næstu tvær vikurnar.

Umboðsmaður **Frank Lampard** segir að skjólstæðingur sinn hafi engan áhuga á að ganga til liðs við **Real Madrid**, en greint var frá því um helgina að Chelsea hefði hafnað tilboði frá spænska stórveldinu sem hljóðaði upp á 20 milljónir punda auk enska sóknarmannsins **Micheal Owen** og Argentínumannsins **Santiago Solari**. „Frank er mjög stoltur yfir því að vera orðaður við lið á borð við Real en hann hefur í hyggju að vinna fleiri titla með Chelsea á næstu árum og ekkert getur breytt þeim áætlunum hans,“ segir umboðsmaðurinn.

Sóknarmaðurinn **Magnús Már Lúðvíksson** hefur skrifað undir tveggja ára samning við **Þrótt í Reykjavík** og fær að öllum líkindum leikheimild með liðinu síðar í dag.

Rúmlega 19 ára gamall bandarískur hlaupari, **Kerron Clement**, náði um helgina besta tíma sem náðst hefur í 400 metra grindahlaupi í 7 ár þegar hann kom í mark á **47,24** sekúndum. Tímanum náði Clement á bandaríska meistaramótinu sem haldið var í Carson í Kaliforníu.

**Tero Pitkamaki**, spjótkastari frá Finnlandi, náði á sunnudag lengsta kasti sem náðst hefur í þrjú ár. **Pitkamaki** kastaði spjótinu 91,53 metra á móti í Kuartane í heimalandi sínu og sigraði með miklum yfirburðum. Annar varð ólympíumeistarinn frá Noregi, **Andreas Thorkildsen**, en hann kastaði spjótinu 86,82 metra.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

25 26 27 **28** 29 30 31

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

- ☐ 19.00 **Víkingur Ó.** og **KR** mætast í Ólafsvík í Landsbankadeild kvenna.
- ☐ 19.00 **Stjarnan** mætir **ÍBV** í Garðabæ í Landsbankadeild kvenna.
- ☐ 20.00 **FH** mætir **Breiðablik** í Kaplakrika í Landsbankadeild kvenna.
- ☐ 20.00 **KR** mætir **Val** í Frostaskjóli í Landsbankadeild kvenna.

### SJÓNVARP

- ☐ 17.05 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 18.20 **Landsbankadeildin** á Sýn. Útsending frá leik Vals og KR.
- ☐ 20.00 **Stjörnugolf 2005** á Sýn. Mót sem var haldið fyrir skemmstu til styrktar MND-félaginu þar sem keppendur voru allir þjóðþekktir einstaklingar.
- ☐ 21.00 **Toyota-mótaröðin** á Sýn. Sýnt frá Ostamótinu sem fram fór 25.-26. júní.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 23.15 **US PGA Tour** á Sýn.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild karla:*

| | |
|---|---|
| VALUR–KR | 3–0 |

1–0 Guðmundur Benediktsson (2.), 2–0 Matthías Guðmundsson (20.), 3–0 Matthías Guðmundsson (52.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 8 | 8 | 0 | 0 | 23–4 | 24 |
| **VALUR** | **8** | **6** | **0** | **2** | **18–5** | **18** |
| KEFLAVÍK | 8 | 4 | 2 | 2 | 15–18 | 14 |
| **FYLKIR** | **8** | **3** | **2** | **3** | **14–14** | **11** |
| KR | 8 | 3 | 1 | 4 | 8–11 | 10 |
| **FRAM** | **8** | **2** | **2** | **4** | **9–9** | **8** |
| GRINDAVÍK | 8 | 2 | 2 | 4 | 9–15 | 8 |
| **ÍA** | **7** | **2** | **1** | **4** | **5–11** | **7** |
| ÍBV | 7 | 2 | 0 | 5 | 6–16 | 6 |
| **ÞRÓTTUR** | **8** | **1** | **2** | **5** | **11–15** | **5** |

*Landsbankadeild kvenna:*

| | |
|---|---|
| ÍA–KEFLAVÍK | 0–5 |

Real Madrid fær keppinaut í leikmannakaupunum:

# Arsenal blandar sér í baráttuna um Robinho

**FÓTBOLTI** Real Madrid leiðir enn kapphlaupið um brasilíska ungstirnið Robinho, að sögn umboðsmanns leikmannsins, þrátt fyrir að Arsenal hafi gert formlegt 14 milljóna punda tilboð í hann um helgina. Umboðsmaðurinn Juan Figer segir að Robinho hafi fyrir löngu gert samkomulag við Real Madrid um að ræða fyrst við þá þegar kæmi að því að hann færði sig frá Santos yfir til liðs á meginlandi Evrópu.

„Þess vegna hefur Real forskot,“ segir Figer. „En félagið hefði átt að vera fyrir löngu búið að gera beinan samning við Robinho því nú hefur Arsenal lýst yfir miklum áhuga á að fá hann,“ segir Figer, en þess má geta að Robinho er samningsbundinn Santos til ársins 2008 en er með ákvæði í samningum sínum um að ef tilboð upp á 27 milljónir komi megi forráðamenn Santos ekki hafna því.

„Robinho er við stjórnvölinn og með frammistöðu hans í álfukeppninni hefur hann hækkað sig í verði. Hann er auk þess besti leikmaður brasilísku deildarinnar og enginn vill sjá hann yfirgefa landið, ekki einu sinni forsetinn,“ segir Figer. ■

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele W405 þvottavél
Verð áður kr. 128.428
Tilboð:
kr. 89.900

Miele T233C þurrkari
barkalaus
Verð áður kr. 115.400
Tilboð:
kr. 80.781

Miele T223 þurrkari
fyrir útblástur
Verð áður kr. 98.800
Tilboð
kr. 69.160

Miele



vilborga@centrum.is

Miele þvottavélar, þurrkarar og ryksugur á einstöku tilboðsverði

30% afsláttur

Miele S371 Tango Plus ryksuga
með 1600W mótór
Verð áður kr. 21.300
Tilboð:
kr. 14.910

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Miele Tango ryksugur, Miele W405 þvottavélar ásamt Miele T233C og Miele T223 þurrkurum fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði.

GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

...bara á
flugfelag.is
29. júní – 5. júlí

Milli Reykjavíkur og
AKUREYRAR
5.499 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
EGILSSTAÐA
6.199 kr.
